



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

*Aðalfundur landssambands DKG á Íslandi
haldinn í Hveragerði 14. maí 2023*

Skýrslur nefnda og deilda

Efnisyfirlit

.....	3
Skýrslur nefnda 2021 – 2023.....	3
Skýrsla laganefndar fyrir 2021-2023.....	3
Skýrsla félaga-og útbreiðslunefndar fyrir 2021-2023	3
Skýrsla samskipta- og útgáfunefndar fyrir 2021 - 2023	7
Skýrsla uppstillingarnefndar fyrir 2021-2023	7
Greinargerð stjórnar námsstyrkjasjóðs fyrir 2021 - 2023.....	8
Skýrslur deilda 2021 - 2023	9
Alfadeild.....	9
Betadeild.....	12
Gammadeild	14
Deltadeild	18
Epsilondeild.....	21
Etadeild.....	23
Kappadeild	25
Iotadeild.....	28
Lambdadeild.....	30
Mýdeild	32
Nudeild.....	37

Skýrslur nefnda 2021 – 2023



Skýrsla laganefndar fyrir 2021-2023

Í nefndinni sátu:

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir,

Ingibjörg Jónasdóttir

Jóna Benediktsdóttir, formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt aðeins þrjá formlega fundi en átti í miklum og tíðum tölvupóstsamskiptum allt kjörtímabilið. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að kynna sér þær lagabreytingatillögur sem lagðar voru fyrir alþjóðþing samtakanna í júlí 2022. Tillögurnar voru alls 120 en settar fram í 10 flokkum. Mest var um litlar orðalagsbreytingar, sameiningar og einfaldanir á greinum eða breytingar sem við töldum að myndu ekki hafa áhrif á starfið hjá okkur. Þá voru breytingatillögur um sameiningu alþjóðanefnda, annars vegar Expansion- og Membership nefndirnar og hins vegar Golden Gift og Leadership Development nefndirnar. Einnig voru tillögur er varða inntökugjöld og gjaldgengi kennaranema í samtökin. Nefndarkonur fóru yfir þessar breytingatillögur og sendu á stjórn samtakanna til kynningar. Næsta verkefni nefndarinnar var að auglýsa eftir lagabreytingatillögum frá félagskonum sem var gert á facebooksíðu félagsins þann 24.janúar, skilafrestur var til 11.febrúar en engar tillögur bárust frá félagskonum.

Þriðja verkefni nefndarinnar var að fara yfir hverjar af þeim breytingatillögum sem samþykktar voru á alþjóðþinginu í New Orleans hefðu áhrif á þau lög sem gilda í okkar íslensku samtökum og leggja til breytingar á lögum félagsins til samræmis við þær. Niðurstaða laganefndar var send stjórn sem sá um að kynna breytingatillögurnar fyrir félagskonum og liggja þær breytingatillögur nú fyrir landssambandsþingi til samþykktar eða synjunar. Í hvert sinn sem lögum er breytt þarf einnig að yfirfara reglugerð samtakanna og var það einnig gert og lagðar til breytingar á henni til samræmis við lagabreytingatillögurnar.

Nú þá var einnig óskað eftir að við sendum þýdda útgáfu af íslensku lögunum til alþjóðasamtakanna. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, nefndarkona í laganefnd tók að sér að þýða lögin og hafði til hliðsjónar eldri þýdda útgáfu. Nefndarkonur komu svo saman og lásu þýðinguna saman með hliðsjón af lögum alþjóðasamtakanna og íslensku lögunum. Þegar umfjöllun um lögin okkar verður lokið á aðalfundi í maí verður þýðingin send stjórn.

Fyrir hönd laganefndar
Jóna Benediktsdóttir, formaður

Skýrsla félaga-og útbreiðslunefndar fyrir 2021-2023

Nefndin var skipuð af landssambandsstjórn og í henni sátu;

Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild, formaður

Sigríður Guttormsdóttir, Epsilondeild

Sólborg Alda Pétursdóttir, Kappadeild

Nefndin tók við eftir erfitt tímabil hjá öllum og starf í deildum hafði víða reynst erfitt. En nú voru bjartari tímar framundan en greinilega á brattann að sækja. Nefndin ákvað í upphafi að leggja áherslu á samvinnu við stjórnir deilda og útbreiðslu innan deilda. Fyrri nefnd hafði skoðað möguleika á stofnun nýrrar deildar á Hornafirði svo við hófum athugun á því hvort það væri möguleiki. Það kom fljótlega í ljós að þar var ekki áhugi.

Ákveðið var að senda bréf til formanna deilda og lögð mikil áhersla á samvinnu og að við værum ávallt tilbúnar til að styðja við stjórnir. Unnið yrði út frá þeim markmiðum landssambandsstjórnar sem voru m.a. að fjölga félagskonum á tímabilinu.

Við fórum yfir félagatal hversrar deildar, gerðum úttekt á aldursdreifingu sem er nokkuð misjöfn á milli deilda. Þó aldur sé ekki það sem við einblínum á í starfinu þá er alveg ljóst að við megum aldrei sofna á verðinum hvað varðar endurnýjun.

Við bentum stjórnnum líka á að félagatal deildar væri á ábyrgð stjórnar og það væri mjög mikilvægt að þar væru ávallt réttar upplýsingar.

Nýjar stjórnir tóku við í deildum í júlí 2022 og eins og oft vill brenna við þá komast ekki upplýsingar á milli formanna og það reyndist svo því bréf sem við höfðum sent áður voru víða föst í tölvum fráfarandi formanns. Við höfðum sent tvö bréf á þessum tíma og vel gat verið að búið væri að leggja drög að inntöku nýrra félaga þó svo ekki hafi verið búið að taka konur formlega inn í deildina.

Nefndin sendi bréf til nýrra formanna á haustönn 2022 og ákvað að senda með fyrri bréfin og lögð var áhersla á að við værum ávallt tilbúnar til að veita stuðning og ráðgjöf. Þegar hér var komið sögu var þó nokkuð um slíka ráðgjöf, bæði bréflaga, í síma og eins aðstoðað við inntökufund.

Ákveðið var að senda ekki fleiri bréf heldur skipti nefndin með sér því verkefni að hringja í formenn og ræða málin og hvað og hvernig mætti enn betur styðja við þá og stjórnina. Þetta gafst afar vel og greinilega ekki vanþörf á að gera fleira en skrifa bréf eða vera í tölvusamskiptum. Þar má t.d. benda á að það er alltaf svo mikil hætta á að hefðir geti tapast, gleymst og ekki færst á milli stjórna. Þetta fundum við mjög greinilega þegar kom að því að taka inn nýjar konur og hvernig valið færi fram og inntakan sjálf.

Þá má líka benda á að það eru ekki allir formenn sem vita af fána samtakanna og hvernig megi nota hann. Þar má t.d. geta þess að látist félagskona þá þarf formaður að hafa samband við aðstandendur og bjóða viðkomandi að fá fánann og setja hann upp við athöfnina. Vel má vera að það takist ekki að koma honum landshorna á milli en það er annað mál. Nokkrar félagskonur létust á þessu tímabili og verður þeirra getið á öðrum vettvangi.

Við í nefndinni teljum að vinnan hafi skilað sér og vonum að aukin þekking liggi nú fyrir í stjórnnum er varðar mikilvægi þess að taka inn nýjar félagskonur og sofna aldrei á verðinum. En það kemur alltaf ný stjórn og þá er mikilvægt að færa allar upplýsingar á milli. Vel má hugsa sér að gera það að reglu að hver stjórn taki ávallt inn að lágmarki tvær konur á sínu stjórnartímabili. Samkvæmt nýjustu tölum telst okkur til að teknar hafi verið inn **35** nýjar félagskonur á þessu tímabili og í undirbúningi að taka alla vega inn sex til viðbótar í maí eða september.

Samstarfið í nefndinni gekk mjög vel og var bæði lærdómsríkt og skemmtilegt. Við hittumst oft og vorum í stöðugum tölvusamskiptum. Við ákváðum að láta bréfin fylgja sem við sendum formönnum svo þær konur sem taka nú við geti e.t.v. byggt á þeirri vinnu.

F.h. nefndarinnar,
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður.

Á haustdögum 2021

Til formanna deilda DKG

Efni: Samvinna og inntaka nýrra félaga á vorönn 2022.

Á haustdögum tók til starfa ný félag- og útbreiðslunefnd Delta Kappa Gamma á Íslandi. Stjórn landssambandsins skipaði í nefndina sem situr þetta kjörtímabil.

Í nefndinni sitja:

Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild, formaður

Sigríður Guttormsdóttir, Epsilondeild

Sólborg Alda Pétursdóttir, Kappadeild

Nefndin hóf þegar störf og ákvað í upphafi að leggja áherslu á samvinnu við stjórnir deilda og útbreiðslu innan deilda frekar en stofna fleiri deildir. Ljóst er að það getur orðið mikil vinna að koma starfinu í fyrra horf þegar rof myndast eða breytist á þessum fordæmalausu tímum sem einkenndu starfið sl. tvö ár en hvetjum formenn til að fylgjast áfram vel með mætingum og virkni félagskvenna.

Við byrjuðum starfið á að skoða félagatal hverrar deildar og gerðum úttekt á aldursdreifingu sem er nokkuð misjöfn á milli deilda. Við vitum að aldur er ekki það sem við einblínum á í starfinu en samt er það nú þannig að við megum aldrei sofna á verðinum hvað varðar endurnýjun. Við sáum líka að það er nokkuð misjafnt hvað deildir eru duglegar að taka inn nýjar konur.

Við viljum því beina þeim tilmælum til stjórna **allra** deilda að stefna að því á vorönn 2022 að taka inn að lágmarki tvær konur og helst fleiri. Við vitum að það eru víða konur sem hafa lýst áhuga sínum á að koma í þennan góða félagsskap og eru tilbúnar að leggja félaginu lið. Sífellt fleiri konur koma til starfa á vettvangi fræðslumála svo við getum víða leitað fanga.

Við erum tilbúnar til að veita ráðgjöf til stjórna ef eftir því er óskað og þiggjum líka ábendingar um hvað sem þessi nefnd annars gæti unnið að.

Að lokum minnum við á að félagatal deildar er á ábyrgð stjórnarinnar og mikilvægt að þar séu ávallt réttar upplýsingar. Breytingar þarf að senda til vefstjóra landssambandsins.

Fyrir hönd félaga- og útreiðslunefndar
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður

Þegar fjölga á í deild:

Tillaga um ferlið:

1. Ákveðið hefur verið að fjölga þurfi í deildinni. Stjórn deildarinnar fer vandlega yfir félagalistann og metur í hvaða hluta helst megi fjölga, t.d. væri áhugavert að fá inn stjórnanda í leikskóla, starfs- og námsráðgjafa, fræðslustjóra í einkageiranum svo dæmi séu tekin.
2. Ekki æskilegt að of margar konur (hópur) séu í sömu deild af sama vinnustað, frekar að þær færu þá í aðra deild.
3. Stjórn tilkynnir á félagsfundi að ákveðið hafi verið að taka inn t.d. tvær/ fjórar konur og í þessum störfum sem æskilegt þykir.
4. Félagskonur eru beðnar um að senda skriflega til stjórnar tillögur um konur sem þær gætu séð sem nýja féлага í viðkomandi deild. Góðar upplýsingar þurfa að fylgja.
5. Stjórnin fer yfir tillögurnar, sem gætu verið mjög margar og metur þær með tilliti til samsetningar í deildinni og þess fjölda sem ákveðið hefur verið að taka inn í þetta sinn.
6. Stjórnin sendir tillögurnar í tölvupósti til félagskvenna og biður um samþykki þeirra.
7. Ef félagskona samþykkir ekki einhverja konuna sem stjórn leggur til þá þarf að rökstyðja það og stjórnin fer með það sem trúnaðarmál.
8. Nú liggur fyrir að tvær/fjórar konur hafa hlotið samþykki félagskvenna. Þá er haft samband við þær og þær boðnar á félagsfund og samtökin kynnt vandlega fyrir þeim með það að markmiði að bjóða þeim til inntöku.
9. Hugsanlega sækja þær tvo til þrjá fundi áður en kemur að inntökufundi.
10. Inntökufundur með hátíðlegu sniði.

F.h. félaga- og útbreiðslunefndar
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður

Á vordögum 2022

Til formanna deilda DKG

Efni: Samvinna og inntaka nýrra félaga

Á haustdögum sendum við ykkur bréf þar sem við hvöttum til inntöku nýrra félaga, helst á vordögum eða á kjörtímabili núverandi stjórnna.

Á fundi nefndarinnar fyrir nokkrum dögum fórum við yfir það sem frést hefði af störfum deilda hvað þetta varðaði og það gladdi okkur að fréttu að víða er verið að leggja drög að fjölgun. Vel má vera að nýjar konur hafi nú þegar verið teknar inn en við ekki frétt af því.

Við gerum okkur grein fyrir að starfið hefur ekki verið með venjulegum hætti þessi tvö ár sem núverandi stjórnir hafa verið við stjórnvölinn en viljum benda á að ný stjórn tekur ekki við fyrr en 1. júlí í sumar. Inntaka gæti hafa dregist einmitt vegna þess að erfitt hefur verið að halda fundi með venjulegu sniði. Ef ekki hefur tekist að taka inn nýjar félagskonur þá viljum við benda á að núverandi stjórn gæti verið búin að leggja drög að fjölgun og ný stjórn gæti hafið sitt tímabil með inntöku.

Við höfum líka frétt að það sé nokkuð um flutning félagskvenna á milli landssvæða og það væri gaman að ná í þær konur í deild á viðkomandi svæði. Sífelld fleiri konur koma til starfa á vettvangi fræðslumála svo við getum víða leitað fanga.

Við erum tilbúnar til að veita ráðgjöf til stjórna ef eftir því er óskað og þiggjum líka ábendingar um hvað eina sem þessi nefnd annars gæti unnið að. Borist hafa fyrirspurnir varðandi inntökuna og hvar sé að finna lýsingu eða formið á inntökunni. Þetta finnið þið á heimasíðunni:

<https://www.dkg.is/is/deildarstarfið/efni-fyrir-formenn>

Að lokum minnum við á að félagatal deildar er á ábyrgð stjórnarinnar og mikilvægt að þar séu ávallt réttar upplýsingar. Breytingar þarf að senda til vefstjóra landssambandsins.

Fyrir hönd félaga- og útreiðslunefndar
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður

Í nóvember 2022

Til formanna deilda og annarra í stjórn

Efni: Samvinna og inntaka nýrra félaga

Þá er hafið nýtt starfsár og nýjar stjórnir teknar við í öllum deildum. Við í félaga- og útbreiðslunefndinni sendum fv. stjórnnum tvö bréf á síðasta starfsári þar sem við hvöttum til inntöku nýrra félaga enda er það stefna landssambandsins að fjölga verulega í samtökunum. Nokkuð hefur borið á því að þessi bréf hafi ekki borist til nýrra stjórna og eins og gengur festast bréf stundum í tölvu viðkomandi formanns. Til að einfalda dæmið setjum við þessi bréf öll í viðhengi til ykkar og hvetjum ykkur til að kynna innihaldið á fundum.

Við höfum verið í sambandi við nokkra formenn og er sérlega ánægjulegt að fréttu af inntöku eða undirbúningi að inntöku í mörgum deildum. Þá er alltaf eitthvað um flutning á milli deilda. Leiðbeiningarbréf í viðhengi hefur reynst vel þegar kemur að því að bjóða konum að ganga í félagið. DKG landssambandið á Íslandi er það fjölmennasta í Evrópu og við getum verið stoltar af því en betur má ef duga skal. Það væri gaman að geta sagt frá því á Evrópuþinginu í Finnlandi næsta sumar að við höfum tekið inn nokkra tugi nýrra félaga á sl. tveimur árum.

Við erum ávallt tilbúnar til að veita ráðgjöf til stjórna ef eftir því er óskað og þiggjum líka ábendingar um hvað sem þessi nefnd annars gæti unnið að.

Formaður hefur nú þegar aðstoðað við inntöku og svo er rétt að taka fram að eldri deildir eiga kanski eitthvað í forum sínum sem er hægt að fá lánað við inntöku eins og litlu kertastjakana, skjaldarmerkið og hátíðardúk. Þá er rétt taka fram að fáninn okkar fallegi er geymdur hjá formanni þessarar nefndar.

Borist hafa fyrirspurnir varðandi inntökuna og hvar sé að finna lýsingu eða formið á inntökunni. Þetta finnið þið á heimasíðunni: <https://www.dkg.is/is/deildarstarfið/efni-fyrir-formenn>

Að lokum minnum við á að félagatal deildar er á ábyrgð stjórnarinnar og mikilvægt að þar séu ávallt réttar upplýsingar. Breytingar þarf að senda til vefstjóra landssambandsins. Netfang hennar er eyglob@gmail.com

Í féлага- og útbreiðslunefndinni eru auk formanns, Sólborg Alda Pétursdóttir í Kappadeild og Sigríður Guttormsdóttir í Epsilondeild.

Góð kveðja,
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður

Skýrsla samskipta- og útgáfunefndar fyrir 2021 - 2023

Nefndina skipa:

Birna Sigurjónsdóttir formaður, Lambdadeild,

Iðunn Antonsdóttir Lambdadeild

Kristín Björk Jóhannsdóttir, Iotadeild, sem var aðeins virk fyrra starfstímabilið.

Nefndin hefur gefið alls fjögur fréttabréf á starfstímabilinu 2021-2023. Það fyrsta kom út haustið 2021, næst vorið 2022 og haust 2022 og nú að lokum vorfréttabréf vorið 2023. Efnisöflun hefur gengið nokkuð vel formenn deilda hafa svarað kalli eftir efni í fréttabréfin og sent myndir sem prýða það. Áhugavert og ánægjulegt er hversu pistlarnir hafa verið hver með sínu sniði og lýsandi fyrir starfið á hverjum stað. Samstarf nefndarinnar hefur verið með miklum ágætum og gengið vel að koma fréttabréfum út á tilsettum tíma.

Fréttabréfin hafa verið birt á heimasíðu samtakanna og jafnframt send formönnum deilda með hvatningu um að þau séu kynnt fyrir félagskonum. Um leið og við hvetjum til þess að vakin sé sérstök athygli á fréttabréfinu tókum við undir með fyrri útgáfunefnd og leggjum til að gerð verði könnun meðal DKG félagskvænn til að spyrjast fyrir um fréttabréfið og almennt um notkun á heimasíðu samtakanna og deildanna.

F.h. samskipta- og útgáfunefndar
Birna Sigurjónsdóttir, formaður

Skýrsla uppstillingarnefndar fyrir 2021-2023

Í nefndinni sátu:

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild

Björk Einisdóttir, Gammadeild

Jóna Benediktsdóttir, formaður nefndarinnar, Alfadeild

Auglýst var eftir tilnefningum frá deildum þann 2.janúar 2023 og beðið um að tilnefningum yrði skilað fyrir 20. janúar. Einn fundur var haldinn í nefndinni en mál að öðru leyti leyst með tölvupóstsamskiptum nefndarkvæna. Tilnefningar til stjórnar komu frá Lambdadeild, Gammadeild og Alfadeild. Nefndin hélt fund eftir að tilnefningar höfðu borist. Þar var farið yfir tilnefningarnar og skoðað hvernig þær samrýmdust markmiðum uppstillingarnefndar. Í ljósi þeirra var svo leitað eftir konum í þau hlutverk sem ekki var hægt að raða í með þeim tilnefningum sem borist höfðu. Haft var að leiðarljósi að stjórn félagsins yrði skipuð konum úr sem flestum deildum. Nefndarkonur skiptu með sér verkum við að hafa samband við þær konur sem óskað var eftir að tækju sæti í stjórn. Allar tóku þær vel í beiðni okkar og auðvelt var að manna stjórnina. Allar þær konur sem tilnefndar voru frá deildum eru í tillögu uppstillingarnefndar.

Jóna Benediktsdóttir, formaður

Greinargerð stjórnar námsstyrkjasjóðs fyrir 2021 - 2023

Í stjórn námsstyrkjasjóðs 2021 – 2023 voru:

Alma Dís Kristinsdóttir, Lambdadeild

Elín Rut Ólafsdóttir, Þetadeild

Steinunn Guðmundsdóttir, Iotadeild

Valgerður Janusdóttir, Deltadeild, sem er formaður stjórnar.

Eins og kemur fram í reglum íslenska námstyrkjasjóðsins ber að úthluta styrk það ár sem landssambandsþing er haldið. Aðeins ein umsókn barst frá félagskonu fyrir 1. mars. Stjórn sjóðsins kom saman til fundar á TEAMS þriðjudaginn 21.mars kl. 16:15 mættar voru allar stjórnarkonur.

Umsókn barst til formanns frá Sigurlaugu Rún Brynleifsdóttur Nýdeild á Norðurlandi vestra en þar hefur hún verið félagi frá stofnun deildar í apríl 2017. Hún starfar við Grunnskólann austan Vatna í Skagafirð. Umsókninni fylgdi ferilskrá og námsyfirlit.

Sigurlaug er í launuðu námsleyfi á þessu skólaári og stundar nám í hagnýtri atferlisgreiningu við Háskóla Íslands. Sigurlaug hyggst ljúka 60 einingum í vor og sækja um að halda áfram til meistaraþrófs í hagnýtri atferlisgreiningu á næsta skólaári og vera í launalausú leyfi. En fyrir er Sigurlaug með M.Ed í menntunarfræðum með áherslu á lestrarfræði frá HA.

Sigurlaug telur að auk þess að gagnast henni persónulega að ljúka meistaranámi í hagnýtri atferlisgreiningu mun námið jafnframt nýtast hennar heimabyggð mjög vel, þar sem hún kæmi með mikilvæga fagþekkingu inn í samfélagið.

Stjórn námsstyrkjasjóðs leggur til að Sigurlaug Rún hljóti styrkinn í ár til að aðstoða hana við fjármögnun náms í launalausú leyfi þannig að henni takist að klára mikilvægt nám að því tilskildu að fyrir liggja samþykki HÍ fyrir inntöku á seinna ár til meistaraþrófs í hagnýtri atferlisgreiningu og staðfesting á upphafi náms í haust.

Stjórn sjóðsins leggur jafnframt til að Sigurlaug Rún fái það fjármagn sem er til ráðstöfunar kr. 400.000 að uppfylltum skilyrðum sbr. hér að ofan með tilvísun í reglur heimilt er að skipta styrkupphæð á tvo umsækjendur” sem bendir til þess að meginreglan sé að einn aðili hljóti styrkinn.

Gert með samþykki allra kvenna í stjórn námsstyrkjasjóðs,
Valgerður Janusdóttir, formaður

Skýrslur deilda 2021 - 2023

Alfateild

Starfsárið 2021 – 2022

Starfsárið 2021 – 2022 sátu í stjórn Alfateildar Erna Árnadóttir formaður, Kristín Axelsdóttir ritari, Hrund Logadóttir, María Sólveig Héðinsdóttir og Sigrún Erla Hákonardóttir. Gjaldkeri var Árný Inga Pálsdóttir.

Vetrarstarfið hófst með fundi stjórnar 14. september þar sem lögð voru drög að dagskrá vetrarins. Fyrsti félagsfundur var síðan haldinn 4. október í nýjum húsakynnum Hjálpræðishersins við Suðurlandsbraut. Þar mættu 23 konur og var byrjað á kaffihúsinu með kaffi og kökum. María Sólveig kveikti á kertum en síðan tók Hjördís Kristinsdóttir, foringi í Hjálpræðishernum á móti okkur og sagði frá fjölbreyttri og áhugaverðri starfsemi sem fram fer í húsinu. Að því loknu var félagskonum sýnt þetta nýja skemmtilega hús. Hjördís var síðan afhent rauð rós sem þakklætisvott fyrir móttökur. Á fundinn mætti Jóna Benediktsdóttir, sem hefur lengi verið félagi í Íótateild. Hún er nú flutt til Reykjavíkur og hafði beðið um að fá inngöngu í Alfateild.

Jólafundur deildarinnar var haldinn í upphafi aðventu, 27. nóvember og mættu 12 konur á fundinn. Til hafði staðið að halda jólafund á Grand hótél í Reykjavík, en vegna sívaxandi fjölda Covid smita í samfélaginu ákvað stjórnin að breyta fundinum í netfund. Ákveðið var að gefa kr. 30.000 til Hjálpræðishersins, þ.e. sömu upphæð og hefði kostað að leigja sal fyrir fundinn. Félagskonur voru einnig hvattar til að gefa hver og ein til styrktar starfsemi Hersins og brugðust margar við þeirri áskorun. Erna, formaður setti fundinn, og fjallaði aðeins um Grýlu og Grýlukvæði sem ort hafa verið í gegnum aldirnar og las upp eitt þeirra. Arndís Þórarinsdóttir, rithöfundur, fjallaði um bók sína „Bál tímans“ sem kom út út í apríl og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir frumlega framsetningu Íslandssögunnar. Arndís skilgreinir bókina sem „fjölskyldubók“ þ.e. bók fyrir börn og unglíngla sem best er að lesa með fullorðnum. Nokkur umræða varð um bókina milli fundarmanna og Arndísar. Næsti fundur vetrarins var haldinn í sal Borgaskóla í Grafarvogi 22. mars 2022. Var veður hjart og stillt og örloði á vori í lofti eftir stöðuga umhleypinga, storma og snjókomu sl. mánuð. Aðeins 6 félagskonur mættu á fundinn enda var covid enn að trufla fundahöld og höfðu nokkrar félagskonur boðað forföll vegna smita eða vegna þess að þær vildu forðast smit. Árný Inga, skólastjóri Borgaskóla og félagskona í Alfa deild, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og kveikti María Sólveig á kertum. Nanna K. Christiansen, sem hlaut íslensku menntaverðlaunin 2021 fyrir verkefnastjórn við innleiðingu leiðsagnarnáms í grunnskólum Reykjavíkur, hélt erindi og fræddi félagskonur um leiðsagnarnám. Árný Inga sagði frá því hvernig leiðsagnarnám einkennir skólustarf í Borgaskóla og var auk þess farið um skólann til að anda að sér skólamenningunni. Fundi lauk með spjalli yfir kaffi og kruðeríi í boði Borgaskóla.

Lokafundur vetrarins var aðalfundur Alfateildar og var hann að þessu sinni haldinn á heimili Hrunnar í Skipholtinu. Til hafði staðið að halda aðalfundinn utan Reykjavíkur en þar sem upphafleg dagsetning rakst á við vorþing samtakanna og formaðurinn auk þess laskaður eftir beinbrot var fundartíma og staðsetningu breytt. 14 konur mættu til fundarins, skálað var í freyðivíni og „frelsinu“ til fundarhalds og vorinu fagnað. María Sólveig kveikti á kertum, setti fundinn og tók að sér fundarstjórn. Formaður flutti skýrslu stjórnar frá hausti 2020 fram á vor 2022. Árný Inga, gjaldkeri, fór yfir reikningsyfirlit deildarinnar sem sent hafði verið til félagsmanna fyrir fundinn og voru reikningar samþykktir einróma. Á starfsárinu höfðu Árný Inga og Erna formaður gengið í að fá kennitölu fyrir Alfa deild og stofna bankareikning og fer nú innheimta félagsgjalda fram í gegnum heimabanka. Almenn ánægja kom fram varðandi þessa tilhögun. Kosning nýrrar stjórnar var næst á dagskrá og las Sigrún Klara, sem verið hefur í uppstillinganefnd, tillögu að næstu stjórn og var hún samþykkt einróma. Nýja stjórn skipa Hrund Logadóttir formaður, Fjóla María Lárusdóttir, Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir og Málfríður Þórarinsdóttir. María Sólveig færði Sigrúnu Klöru rauða rós með þakklæti fyrir vel unnin störf og einnig nýjum formanni. Klappað var bæði fyrir fráfarandi stjórn og nýrri. Að loknum venjulegum Aðalfundastörfum vakti Sigrún Klara athygli á nauðsyn þess að fá ungar konur inn í deildina, Kristín

Jóhannesdóttir bryddaði upp á umræðu um gildi hinna ýmsu næla og hverjir eigi að bera þær, Ingibjörg Elsa sagði frá nýjum reglum samtakanna varðandi nælurnar og rétt var um mikilvægi þess að hafa lista yfir félagskonur réttan á síðu deildarinnar og samtakanna. Að lokum minntist Erna Sigríðar Kristjánsdóttur sem hafði nýlega fallið frá á 97. aldursári.

Starfsárið 2022 – 2023

Ný stjórn kom saman í lok júní 2022 til að stilla saman strengi, ræða komandi deildarstarf og þær áherslur sem stjórnarkonur töldu mikilvægar í komandi samstarfi. Ákveðið var að leggja sérstaka áherslu á að fá nýjar konur í deildina. Haft var samband við Árný Ingu Pálsdóttir sem verið hafði gjaldkeri deildarinnar um nokkurt skeið og samþykkti hún að taka það hlutverk að sér á komandi starfsári.

Á haustönn voru haldnir tveir fundir í deildinni. Fyrri fundurinn var haldinn 12. október en þá fóru Alfa konur í heimsókn í Grósku Hugmyndahús. 11 konur mættu á fundinn. Fyrir fundinn hittust fundarkonur á Kaffihúsinu Mikka Ref sem staðsett er í Veru, Mathöll Grósku. Síðan kynnti Vera Dögg Antonsdóttir, framkvæmdastjóri Grósku starfsemina og fór með fundarkonum í skoðunarferð um húsið. Gróska Hugmyndahús er öflugt samfélag nýsköpunar með höfuðáherslu á aðstæður til samskipta og tengsla. Öflug margbreytileg fyrirtæki þróa þar hugmyndir sínar í skemmtilegu umhverfi þar sem jafnframt er byggt upp og þróað samstarf við háskóla á sviði tækniþróunar, rannsókn og nýsköpunar.

Seinni fundur haustannar var jólafundur deildarinnar og var hann haldinn 26. nóvember í Norræna húsinu í hliðarsal veitingastaðarins Sónó. Vel var mætt á fundinn og mættu 23 félagskonur. Formaður bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vinaáttu, trúmennsku og hjálpsemi. Á borðum var yndislegur vegan réttur, eftirréttur og heitur jóladrykkur. Vigdís Finnbogadóttir las ljóð úr nýútkominni bók, „Ljóðin hennar Vigdísar“ ræddi boðskap ljóðsins og flutti fundarkonum hugleiðingu um málið, orðauðgi þess, mögulegan uppruna og fjölbreytta merkingu orða. Málfríður Þórarinsdóttir, stjórnarkona Alfa deildar, var síðan með orð til umhugsunar og lagði út af mikilvægi samverunnar. Á vorönninni voru síðan skipulagðir fjórir fundir.

Fyrsti fundur á nýju ári var haldinn 12. janúar í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og mættu 15 félagskonur. Fjóla María Lárusdóttir, stjórnarkona í Alfa deild og þróunarstjóri Fræðslumiðstöðvarinnar tók á móti hópnum. Hrund Logadóttir, formaður setti fundinn og bauð Fjólu Maríu að kveikja á kertunum. Fjóla María hélt síðan kynningu um starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar, en hún er gjarnan nefnd fimmta menntastöðin. Markhópur stofnunarinnar eru þeir sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi og er markmiðið að aðstoða hópinn við að afla sér menntunar og á þann hátt að auka hæfni þeirra í atvinnulífinu. Meðal annars kom fram í máli Fjólu Maríu að þróaðar hafa verið hæfnigreiningar sem hafa það að markmiði að skilgreina lykilhæfni starfa í gegnum starfaprófil sem er grunnur að uppbyggingu náms eða raunfærnimats. Ráðgjöf um nám og störf er stór þáttur í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar og nýtt 8600 einstaklingar sér þá þjónustu á árinu. Margt fleira áhugavert kom fram og var gerður góður rómur að erindi Fjólu Maríu. Að loknu erindi var Margrét Gunnarsdóttir Schram heiðruð í tilefni 90 ára afmælis þann 31. desember sl. Formaður afhenti henni veglegan blómvönd til að minnast tímamótanna.

Annar fundur vorannar var haldinn í Fjölbrautaskólanum í Ármúla 28. febrúar. Voru konur hvattar til að taka með sér konur á fundinn, sem þær teldu að gætu haft áhuga og erindi í deildina. Fundurinn hófst kl. 16:00 og voru 20 félagskonur mættar. Magnús Ingvason skólameistari og Sigríður Ragna Sigurðardóttir formaður skólanefndar tóku á móti Alfa konum og bauð gesti velkomna. Magnús sagði frá fjölbreyttum nemendahópi og fjölbreyttri þjónustu í skólanum. Síðan kynntu kennslustjórar Heilbrigðisskólans þær Krístrún Sigurðardóttir og Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir starfsemi Heilbrigðisskólans þar sem í boði eru átta námsbrautir, Grunnám heilbrigðisgreina, Heilbrigðisritarabaut, Heilsunuddbraut, Lyfjateknabaut, Sóttthreinsitækni, Sjúkraliðabaut, Tanntæknabaut, Viðbótarnám til stúdentsprófs og Þjónustutæknibaut. Magnús leiddi hópinn um kennslurými Heilbrigðisskólans og fór yfir aðstöðuna. Meðal annars var litið inn í sérhannað rými fyrir nemendur á sérbraut þar sem til staðar eru sérhönnuð kennslurými og sundlaug. Aðstaða

Sjúkraliðabrautar vakti athygli þar sem í sjúkrarúmum lágu hreyfingarlausir sjúklingar (æfingadúkkur). Að lokum kom hópurinn saman í rými kennara þar sem boðið var upp á glæsilegar veitingar. Formaður þakkaði gestgjöfum FÁ fyrir kynningarnar og voru þeim afhentar rauðar rósir í þakklætisskyni.

Þann 28. apríl lögðu síðan 14 félagskonur land undir fót og fóru á Reykjanesið í dásamlegu veðri og tilkomumikilli fjallasýn. Ferðinni var heitið til Keilis, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs sem hefur það að markmiði að byggja upp námsmannasamfélag á Suðurnesjum þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis tók á móti Alfa konum og kynnti okkur starfsemi setursins. Fjórir skólar eru undir regnhlíf Keilis: Háskólabrú,, Flugakademía Íslands, Heilsuakademían og Menntaskólinn á Ásbrú. Háskólabrúin er aðfaranám í samvinnu við Háskóla Íslands þar sem boðið er upp á undirbúning fyrir háskólanám. Langflestir nemendur eru í fjarnámi. Innan heilsuakdemíunnar er m.a. boðið upp á fóttaaðgerðanám sem er löggilt nám og Menntaskólinn á Ásbrú undirbýr nemendur undir stúdentspróf í tölvuleikjagerð. Fyrir utan kjarnagreinar í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku er áfangar í tölvuleikjagerð og frumkvöðlafræði svo eitthvað sé nefnt. Góður rómur var gerður að erindi Nönnu og var henni afhent rauð rós, tákn samtakanna, sem endurspeglar andríki og söpunargáfu og rauði liturinn er jafnframt tákn þess hugrekksis sem þarf til að ná árangri. Einnig var farið í vettvangsferð um skólann þar sem margvísleg aðstaða skólans var skoðuð. Að lokinn kynningu var haldið í Reykjanesbæ þar sem fundarkonur snæddu saman á Marriot hótelinu. Vel var tekið á móti hópnunum og áttu félagskonur saman góða stund yfir ljómandi veitingum, bleikju eða lambakórónu og súkkulaðiköku með pistasíuís.

Framundan er síðasti fundur starfsársins en hann er fyrirhugaður 24. maí og verður haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á tímabilinu hafa þrjár konur úr Alfadeild látist og minnumst við Alfa systur þeirra með þakklæti og virðingu. Þetta eru þær Gyða Jóhannsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Fósturskólans sem lést þann 24 júlí 2022, Sigríður Kristjánsdóttir einn af stofnfélögum Delta Kappa Gamma sem lést þann 21. Apríl 2022 og Sigríður Jóhannsdóttir fyrrverandi skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands en hún lést þann 23. Júní 2021.

Hrund Logadóttir, formaður

Betadeild

Starfsárið 2021-2022

Haustið í Betadeild fór vel af stað. Að loknu dásamlegu sumri þann 18. september sl. skunduðu konur í Betadeild til hádegisverðar á gamla og góða Hótel KEA. Dagskráin var hefðbundin en fundurinn hafði yfir sér hátíðarblæ. Loksins var komið að inntöku nýrrar félagskonu sem dregist hafði úr hófi fram vegna covid-19. Laufey Petrea Magnúsdóttir var tekin inn í Beta-deild og ljóst að þar fær deildin öflugan liðsstyrk í konu sem er öllum hnútum kunnug í mennta- og fræðslumálum.

Vetrardagskráin var birt með seinni skipunum og fyrirvara um staðsetningar. Á þessum tíma var öllum ljóst að farsóttin hefur tilhneigingu til að spilla gleði og skipulagi. Það var því ánægjulegt að næsti fundur deildarinnar skyldi fara fram ótruflaður í Menntaskólanum á Akureyri í október.

Undirbúningshópurinn hélt bleikum október á lofti og bauð tveimur afar atorkusömum konum á fundinn. Þær sögðu frá bleiku slaufunum sem prýða Akureyri og nágrenni í októbermánuði. Vilborg Jóhannsdóttir og Inga Vestmann reka sitt hvort fyrirtækið á Akureyri en halda jafnframt utan um Dekurdaga sem haldnir eru á sama tíma ár hvert. Hagnað af sölu slaufanna sem og styrki sem þær fá hjá fyrirtækjum láta þær renna til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Allt gera þær þetta að eigin frumkvæði og einstakri eljusemi. Þannig hafa þær undanfarin ár safnað tugum milljóna sem hafa m.a. nýst til að kaupa nýtt brjóstamyndatæki á Sjúkrahúsið á Akureyri. Jólafundur Beta-, Mý- og Ný-deilda féll niður vegna covid-19 farsóttarinnar.

Beta-deild tók upp þráðinn á starfsárinu 18. janúar sl. með hinum árlega bóka fundi. Í annað skiptið í sögunni var fundurinn rafrænn og rétt eins og síðast gekk hann afar vel. Beta-konum tókst þannig að fjalla um 17 bækur á einu kvöldi! Annar fundur deildarinnar árið 2022 var einnig rafrænn og þá nýttu Beta-systur tækifærið að hlusta saman á erindi Elvu Ýrar Gylfadóttur um upplýsingaóreiðu sem finna má á vef samtakanna okkar. Erindið vakti félagskonur til umhugsunar og í kjölfarið skunduðu Beta-systur í umræðuherbergi til að fara yfir efni erindis Elvu Ýrar. Þar var rætt hvernig við getum verið gagnrýnni við lestur fréttafnis og notkun á samfélagsmiðlum.

Loksins var svo komið að staðfundi sem haldinn var í Menntaskólanum á Akureyri 31. mars. Gestur fundarins var Snorri Björnsson kynjafræðikennari í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Snorri ræddi nálgun sína og annarra kynjafræðikennara á fagið og bauð upp á fjörugar umræður og skoðanaskipti á eftir. Næst síðasti fundur starfsársins fór fram í lok apríl og hann var haldinn í Félagsborg á Hrafnagili. Fundinn sátu þrjár konur sem boðin hefur verið innganga í Beta-deild. Þær fá nú tíma til að kynna sér deildarstarfið og hvað fer fram á fundum. Gestur fundarins skildi engan eftir ósnortinn en það var Natalia Kravtchouk sem fæddist og ólst upp í Úkraínu. Natalia fluttist til Íslands árið 1994, þá einstæð 2ja barna móðir. Natalia sagði frá uppvaxtarárum sínum í Úkraínu á tímum Sovétríkjanna, fjölskyldu sinni og tildrögum þess að hún kaus að flytjast til Íslands. Natalia hefur líka búið í Hvíta-Rússlandi og gat því sett núverandi ástand í víðara samhengi og fræddi hún okkur sem þekkjum minna til. Frásögn þessarar hugrökku konu hreyfði við Beta-systrum og hristi upp í þeim. Barátta hennar að sækja sér menntun og skapa betra og öruggara líf fyrir drengina sína á sér vart hliðstæðu í íslenskum veruleika. Kvöldið var kennslustund í þakklæti og þörf áminning til okkar að standa með því fólk sem hrekst til Íslands undan sprengjuregni og átökum.

Á aðalfundi 27. maí 2021 fóru stjórnarskipti í Beta-deild fram. Fundurinn hófst í Urban Farm kálverinu en síðan skunduðu félagskonur í Laxdalshús þar sem við áttum saman góða kvöldstund yfir dásamlegum kvöldverði.

Starfsárið 2022-2023

Ný stjórn Betadeildar tók til starfa í ágúst 2022 og hélt sinn fyrsta stjórnarfund. Nýja stjórn skipa Aðalbjörg Bragadóttir formaður, Kristín Elva Viðarsdóttir varaformaður, Sigurbjörg Rún Jónsdóttir ritari, Laufey Petrea Magnúsdóttir gjaldkeri auk Hildar Hauksdóttur sem er fráfarandi formaður.

Að venju fór haustið í Beta-deild vel af stað. Ný stjórn stimplaði sig inn á fyrsta fundi sem var haldinn 2. október í Zontahúsinu. Dagskrá var hefðbundin en fundurinn var kærkominn enda langt síðan við systur höfðum átt saman stund. Nýr varaformaður, Kristín Elva Viðarsdóttir, flutti orð til umhugsunar þar sem hún las skrif langafa hennar um umhyggju og kærleika fyrir náunganum. Svo sannarlega tímalaust umfjöllunarefni. Gestur fundarins var Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir sem sagði frá nýrri bók sinni, *Aldrei nema vinnukona*. Sagan fjallar að stórum hluta um langömmu systur hennar en einnig er getið í eyðurnar á stöku stað. Bókin er því heimildaverk en sett upp sem söguleg skáldsaga.

Næsti fundur fór fram í Brekkuskóla á Akureyri 1. nóvember. Sá fundur var fjölmennur að venju og var létt yfir félagskonum. Nokkrar konur áttu stórafmæli í ár og þær fengu sannar gjafir í tilefni áfangans, auk þess sem Hildur Hauksdóttir, fráfaraformaður, sagði skemmtilega frá því sem markverðast var daginn sem þær fæddust. Gestur kvöldsins var einstaklega atorkusöm kona, Hrund Hlöðversdóttir, skólustjóri Hrafnagilsskóla, rithöfundur og tónlistarkona. Hrund las úr nýútkominni bók sinni, *Órói, krunk hrafnanna*, sem er sjálfstætt framhald ungmennabókar hennar sem kom út fyrir ári. Þegar bókarkynningu var lokið dró Hrund fram harmonikku og alls voru sungin fimm þekkt sönglög, þar á meðal *Vikivaki* og *Vor í Vaglaskógi*. Ljómandi góð kvöldstund.

Sameiginlegur jólafundur Beta-, Mý- og Ný-deilda var síðan haldinn fimmtudaginn 24. nóvember á kaffihúsinu Lyst í Lystigarði Akureyrar. Hann var einstaklega vel heppnaður og ómetanlegt að hitta aðrar deildir og eiga nærandi samverustund. Við systur sungum saman, borðuðum þríréttaða máltíð og hlýddum á fræðandi erindi frá Kristínu Margrétu Jóhannsdóttur sem er dósent við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Kristín er viskubrunnur og sérlega skemmtileg áheyrnar, þetta kvöld fjallaði hún um jólahald í Kanada þar sem hún var búsett í nokkur ár. Frásögn hennar vakti mikla lukku.

Við hófum nýja árið á bóka fundi Beta-deildar þar sem sautján konur ræddu um jafn margar bækur á rétt um klukkustund. Þessi fundur hefur þá sérstöðu að allar konur taka virkan þátt sem gerir hann einkar ánægjulegan. Næsti fundur var inntökufundur í Beta-deild. Hann var haldinn í heimahúsi 13. mars og þar voru teknar inn tvær konur, þær Ólöf Ása Benediktsdóttir og Vaka Óttarsdóttir. Þær eru báðar virkar í menntastörfum og það er mikill gróði fyrir deildina að fá þær í okkar raðir. Þetta var innileg og hátíðleg kvöldstund sem nærði andann og minnti okkur á tilgang félagskapparins. Síðasti hefðbundni fundur skólaársins var haldinn 26. apríl í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Gestur fundarins var okkar eigin Beta systir, Aníta Jónsdóttir fyrrum formaður Beta deildar. Hún hélt mjög vel heppnaðar kynningar fyrir okkur þar sem hún sagði í fyrsta lagi frá ferð sinni til Texas, Austin, þar sem hún sótti leiðtoganámskeið DKG. Aníta sagði okkur einnig frá meistaraaritgerð sinni sem ber heitið „Svo er maður ekki einn í þessu“: þörf á foreldrafræðslu og stuðningi í uppeldishlutverkinu, sjónarhorn feðra 13-16 ára unglunga. Virkilega áhugavert og fræðandi að heyra af starfinu innan DKG og einnig að sjá hvað félagskonur eru að vinna við. Lokafundur Beta-deildar verður haldinn 26. maí næstkomandi, deildin átti afmæli á síðasta ári og að því tilefni munum við heiðra fræðikonu, Helgu Hauksdóttur, fyrir framlag hennar til nýbúafræðslu og málefni tvítyngdra barna á Íslandi.

Fyrsta starfsár nýrrar stjórnar hefur gengið ágætlega. Það hafa vissulega verið vaxtarverkir hjá nýrri stjórn og á stundum erfitt að finna tíma fyrir stjórnarstöfin í dagsins ama. En þessi stjórn fer reynslunni ríkari inn í næsta skólaár og stolt af fundum vetrarins. Beta-konur hafa á hverjum fundi skilað smá framlagi í pyngju sem í lok starfsár er látið renna til UNICEF. Undirbúningshóparnir hafa staðið sig frábærlega þetta fyrsta starfsár nýrrar stjórnar og samvinnan við eldri félagskonur hefur hjálpað nýrri stjórn mikið.

Eftir lokafundinn í maí og vonandi nærandi sumar stefnir ný stjórn keik á að bjóða upp á skemmtilegt og fræðandi starfsár Beta-deildar 2023-2024. Við munum hefja leika með haustferð sem mun eflaust gleðja andann. Að lokum vil ég þakka félagskonum í Beta-deild og stjórn Beta-deildar á yfirstandandi starfsári fyrir samstarfið. Beta-konur hafa sýnt jákvæðni, verið uppbyggjandi og sýnt styrk sinn á ólíkum sviðum, rétt eins og þeim einum er lagið.

Aðalbjörg Bragadóttir, formaður

Gammadeild

Vetrarstarfið 2021-2022

Síðara kjörtímabil stjórnarinnar: Í stjórn voru Edda Pétursdóttir formaður, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. Hanna Halldóra Leifsdóttir starfaði með stjórninni sem gjaldkeri.

Í sumarlok var dagskrá fram yfir áramót mótuð hjá stjórn Gammadeildar og lagt af stað með yfirskriftina *Ákall 21. aldar – Vörðum veginn saman*. Margt er vel gert í samfélagi okkar og annað sem betur má fara. Með fræðslu og samvinnu felast tækifæri til að ná árangri og búa til betra samfélag fyrir alla. Allt leit ljómandi vel út varðandi kófið.

Fyrsti fundur 15. september

Fullar tilhlökkunar um að hittast á fyrsta haustfundi Gammadeildar skipulagði stjórn menningarferð í blómabæinn Hveragerði. Alda Rose Cartwright, listakona og verkefnastjóri leiddi okkur í gegnum sýningar á Listasafni Árnesinga. Þar bar hæst yfirlitssýninguna *Áhrif og andagift*, verk Ragnhildur Óskarsdóttir, betur þekkt sem Róska. Hún er allt í senn listakona, ljósmyndari, fyrirsæta, kvikmyndargerðarkona, kommúnisti, femínisti og uppreisnarkona. Í öðrum sýningasölum voru verk frá Gjörningaklúbbnum, þeirra Katrínu Elvarsdóttur, Kristínu Gunnlaugsdóttur, Söru Björnsdóttur og Elísabetu Jökulsdóttur. Eftir að hafa kíkt í safnbúðina og skálað í freyðivíni var haldið á Matkrána. Þar var fundi haldið áfram og jafnframt gæddu konur sér á ekta dönsku smurbrauði í góðum félagsskap. Heim héldum við glaðar í sinni eftir að fá tækifæri til að hittast í eigin persónu og eiga dýrmæta og fræðandi stund saman.

Annar fundur 5. október

Pétur Hjörvar Þorkelsson sérfræðingur í innleiðingu Barnasáttmála UNICEF á Íslandi kom á fund okkar sem haldinn var í Laugalækjarskóla. Pétur sagði frá sáttmálanum, sögu hans og verkefninu um réttindaskóla. Markmið Réttindaskólanna er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum/nemendum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi Réttindaskólanna, auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara og annarra starfsmanna.

Á fundinum var Vilborgar Dagbjartsdóttur skáldkonu og kennara minnst. Hún lést 16. september síðastliðinn, 91 árs að aldri. Við eigum eftir að sakna frásagnargleði hennar, dillandi hláturs og hnyttinna tilsvara. Með þakklæti munum við áfram njóta perlanna hennar sem skína og þá ekki síst í ljóðum hennar. Vilborg kom að þýðingu Barnasáttmálans þegar hann var fyrst færður yfir á íslensku og önnur Gammasystir Árný Elíasdóttir þá starfsmaður Námsgagnastofnunar fékk hana til verksins. Pétur sagði okkur frá því að þýðing Vilborgar hafi legið til grundvallar þegar Barnasáttmálinn var nýlega gefinn út í nýrri útgáfu.

Þriðji fundur 1. nóvember

Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri tók á móti okkur í húsakynnum Dalskóla í Úlfarsárdal. Renata Emilsson Peskova kynnti doktorsverkefni sitt: *Skólareynsla fjölyngdra nemenda: Fjöltilviksrannsókn frá Íslandi* og ræddi einnig tungumálasjálfsmyndir barna. Hún varði ritgerð sína í menntavísindum við Deild kennslu- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í lok sumars. Sjálf hefur Renata fjölbreyttan bakgrunn í menntun og háskólagráður sínar hefur hún þreytt á ólíkum tungumálum: BA námið á sínu móðurmáli, tékknesku; meistaraþrófið á þýsku í Þýskalandi og doktorsgráðuna á Íslandi á íslensku og einnig ensku. Eftir áhugaverðan fyrirlestur leiddi Hildur okkur um skólann sem nær yfir fjölpætta starfsemi: Frístundaheimili, menningarmiðstöð, almenningsbókasafn, íþróttahús og bæði inni- og útisundlaug. Sannkallað fjölnotahús þar sem borgararnir sækja yndisauka fyrir sál og líkama. Hildur og Renata eru báðar í Gammadeild.

Fjórði fundur 2. desember

Enn og aftur var veiran á sveimi og í þröngri stöðu með hliðsjón af sóttvarnareglum settust Gammakonur við skjáinn og skörtuðu rauðu í jólaanda. Harpa Rún Kristjánsdóttir rithöfundur spjallaði við okkur úr sveitinni sinni undir Hekklurótum og las upp úr nýútkominni bók sinni *Kynslóð*. Í upphafi nýs árs var veiran enn að angra okkur og samfélagið í varnarstöðu. Hugur stóð til að halda ljóðafund í janúar en ákveðið að sjá til og athuga hvort grænt ljós frá þríeykinu yrði raunin milli élja. Það varð ekki úr og ákvað stjórnin að fresta ljóðafundi.

Fimmti fundur 15. febrúar

Nú myndaðist glufa til að hittast. Á móti okkur tóku kennsluráðgjafarnir Bjarndís Fjóla Jónsdóttir Gammakona ásamt Hildi Ástu Viggósdóttur og Þorbjörgu Þorsteinsdóttur í Mixtúru, Nýsköpunarsmiðju menntamála (NýMið) hjá Reykjavíkurborg. Mixtúra er tenging frá skóla- og frístundasviði yfir í skólana í því gróskuverkefni sem borgin stendur fyrir. Markmiðið er að skapa flæði á milli menntastefnu sviðsins og starfsins á vettvangi með því m.a. að búa til leiðbeiningar fyrir starfsfólkið, halda námskeið, fá fram reynslu þess og styðja við það. Í Mixtúru er sköpunar- og tækniver. Þar er búnaður og efni miðlægt sem skólarnir geta fengið að láni. Unnið hefur verið með öllum aldurshópum, alveg niður í leikskóla. Þær nefndu hvað kennarar væru í raun heppnir að þurfa að tileinka sér alla mögulega tækni og setja sig inn í nýja hluti. Tækin gera ekki neitt ein og sér en þau styðja og veita fleiri stöðir og tækifæri í skólastarfinu. Þetta býður upp á meiri jöfnuð í skólaumhverfinu, fjölbreytt og skapandi starf. Þeirra framtíðarsýn er sú að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Sjötti fundur 2. mars

Gammakonum þótti áhugavert að vita hvernig stærri fyrirtæki og stofnanir í samfélaginu takast á við umhverfismálin. Almennungur er sífellt meðvitaðri um sitt kolefnisfótspor og á mörgum heimilum er unnið ötullega að flokkun og hugað að neyslu en stundum upplifa einstaklingar sig sem það í stóra samhenginu. Ábyrgð þeirra sem hafa meiri umsvif og áhrif út í samfélagið er því mikil. Með þessar hugleiðingar í fartaskinu var haldið í höfuðstöðvar Krónunnar á Dalvegi 10-14 í Kópavogi þar sem við fengum kynningu á því sem fram kemur í samfélagsskýrslu Krónunnar, m.a. um umhverfisstefnu, nýsköpun og lýðheilsu. Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri, tók einstaklega vel á móti okkur með áhugaverðri kynningu, úrvals veitingum og brosi á vör.

Sjöundi fundur 4. apríl

Kortur í páska var aprílfundur þar sem við litum inn á við og til framtíðar. Einnig deildi Björg Eiríksdóttir með okkur erindi sínu *Kennari í 47 ár. Hvað situr eftir?* Við starfslok við Kársnesskóla fyrir stuttu kvaddi hún samstarfsfélaga með hugleiðingum um kennsluferil sinn ásamt gullmolum og góðum heilræðum. Mikið sem það var gaman að hlýða á reynslumikla Gammakonu segja frá starfsferli sínum í máli og myndum. Erindi Bjargar var sögulegt, skemmtilegt, uppörvandi og stútfullt af góðum verkfærum fyrir kennarastarfið.

Það er mikill mannaúður sem býr í deildinni okkar og var seinni hluti fundarins helgaður spjalli milli kvenna í litlum hópum, bæði til að kynnast nánar og ræða um tilgang og markmið með starfinu innan DKG.

Áttundi fundur 23. maí

Vorfundur deilarinnar sem einnig var aðalfundur fór fram við Nauthólsvíkina með sjávarfang á diskum og fagra tóna. Eftir skýrslu stjórnar og venjuleg aðalfundastörf fluttu nemendur úr Listaháskólanum íslenska dægurlagatónlist sem innrammaði bjart vorkvöldið. Hertha W. Jónsdóttir Gammakona lagði út frá ljóðinu *Vorið er komið og grundirnar gróa* eftir Jón Thoroddsen í orðum sínum til umhugsunar. Með heilræðum hennar um að segja já þegar gott byðist og njóta hvers dags svífu Gammakonur út í vorkvöldið í Reykjavík.

Vetrarstarfið 2022–2023

Fyrri kjörtímabil nýrrar stjórnar: Í stjórn eru Hrefna Sigurjónsdóttir formaður, Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. Hanna Halldóra Leifsdóttir starfar með stjórninni sem gjaldkeri.

Yfirskrift starfsársins og þema er **Grunnhugmyndir farsældar.**

Fyrsti fundur 13. september

Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri tók á móti okkur í Landakotsskóla. Eva Harðardóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, aðjunkt og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hélt fyrirlestur sem hún nefndi: *Að mennta fyrir samtíð, framtíð og sameiginlegan heim.* Hún sagði meðal annars frá nýrri skýrslu UNESCO um menntun sem ber heitið: *Re-imagining our futures together – a new social contract for education.* Hún sagði líka frá hvernig hún hafði kennt áfanga í Menntaskólanum á Akureyri um sjálfbærni þar sem hún fléttaði saman heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og heimsbókmenntir þar sem sjónarhornið eru ólíkar aðstæður mannfólksins víða um heim. Góður rómur var gerður að erindi Evu og sköpuðust líflegar umræður um efnið.

Annar fundur 13. október

Komið var saman í Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem við skoðuðum sýninguna: *Viðnám*, sem er þverfagleg sýning sem brúar bilið á milli myndlistar og vísinda. Ragnheiður Vignisdóttir fræðslu- og útgáfustjóri sagði frá fræðslustarfi Listasafns Íslands og ýmsum verkefnum sem miða við að ná til ólíkra hópa. Safnið tæki á móti 3-5000 grunnskólanemendum á hverju ári. Í tengslum við þann hóp hefur verkefni verið komið á laggirnar þar sem börnum er kennt myndlæsi: 26 lykilverk í eigu safnsins eru kynnt og gert hefur verið heildstætt 10 - 12 kennslustunda efni. Eftir fyrirspurnir og umræður skoðuðu Gammasystur sýninguna.

Þriðji fundur 7. nóvember

Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri Farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu, mætti á fund sem haldinn var í sal í Einholti. Þar fjallaði hann um ný farsældarlög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og nýjungar sem lúta að því að tengja saman alla þá aðila sem geta hjálpað börnum og foreldrum þegar eitthvað bjátar á. Hann sagði frá nýjum tengiliðum og málustjórum sem leggjast eiga utan á núverandi kerfi og bæta þjónustuna. Líflegar umræður og skoðanaskipti sköpuðust að erindi loknu sem voru einkar áhugaverð.

Fjórti fundur 7. desember

Jólafundur Gammadeildar var haldinn heima hjá Gerði G. Óskarsdóttur í dásamlega húsinu hennar við Elliðavatn. Jólstemningin sveif yfir vötnum en Gerður var búin að skreyta hátt og lágt. Ingibjörg Einarsdóttir bauð upp á gómsætar veitingar í tilefni þess að hún átti afmæli þennan dag. Fundurinn hófst á fordrykk og skáluðu Gammasystur í freyðivíni og óáfengu. Guðrún Edda Bentsdóttir, forseti landssambandsstjórnar DKG, heiðraði okkur með heimsókn og tók þátt í jólafundinum. Rithöfundurinn Ragna Sigurðardóttir kom í heimsókn og las upp úr nýútkominni bók sinni: *Þetta rauða, það er ástin.* Í framhaldi spjallaði hún við okkur um efni bókarinnar. Hún áritaði síðan bækur sem okkur bauðst að kaupa. Því næst gæddum við okkur á hátíðlegum veitingum Ingibjargar, fögnuðum stórafmæli Jóhönnu Einarsdóttur, sungum saman jólalög og fórum yfir nokkur atriði fyrir næsta starfsár.

Fimmti fundur 16. janúar

Við Gammasystur höldum í þá hefð að halda bókafund í janúar. Bókafundurinn var haldinn heima hjá Ingibjörgu Jónasdóttur eins og undanfarin ár í fallega húsinu hennar. Við veljum tvær jólabækur til umfjöllunar. Í þetta sinn voru til umræðu bækurnar: *Þetta rauða það er ástin* eftir Rögnu Sigurðardóttur og *Eden* eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Skipt var í þrjá hópa eftir því hvora bókina Gammasystur hefðu lesið. Í þriðja hópnum vorum þær sem höfðu lesið báðar bækurnar. Hver hópur kynnti síðan helstu áherslur sem fram komu. Margvísleg sjónarhorn komu fram til umhugsunar. Eins og endranær sköpuðust afar líflegar og gefandi umræður um þessar áhugaverðu bækur.

Sjötti fundur 7. febrúar

Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri tók á móti okkur í Landakotsskóla. Salvör Nordal umboðsmaður barna hélt erindi sem hún nefndi: *Að hlusta á börn – Börn og lýðræði.* Salvör sagði frá starfsemi embættisins og þeim málum rata inn á borð umboðsmanns. Embættið væri lítið og því mikilvægt að

velja vel þau forgangsmál sem unnið væri með hverju sinni. Lögð væri áhersla á passa upp á aðkomu barna að allri umræðu innan embættisins. Hún sagði jafnframt frá skýrslum sem embættið hefur beitt sér fyrir er varða aðstæður barna sem eiga foreldra sem eru í fangelsi. Þessum málum væri lítið sinnt Íslandi í sambanburði við Norðurlönd. Einnig nefndi hún vöktun embættisins á lengd á biðtíma barna eftir greiningum. Að loknu erindi hennar sköpuðust mikilvæglegar umræður um rétt barna og ungmenna til þátttöku og leiðir til að virkja þau.

Sjöundi fundur 20. mars

Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra var gestur fundarins sem haldinn var í Kerhólum, Borgartúni 12. Ásmundur hóf mál sitt á því að greina frá brennandi áhuga sínum á málefnum barna og fjölskyldum þeirra. Við síðustu stjórnarmyndun hafi hann lagt áherslu á breytta ráðherraskipan þar sem sameinuð væru í eitt embætti þau málefni sem snerta alla þætti sem snúa að umgjörð æskunnar og menntun barna. Hann lagði ríka áherslu á mikilvægi þverpólítískrar samstöðu um málefni barna og aðkomu allra að borðinu, bæði sérfræðinga og grasrót þegar farið væri í umræðu barnavelferð. Um 1000-1200 einstaklingar hafi komið að grunnvinnu að nýjum lögum um velferð barna. Hann hafi spurt sig: Hvernig er hægt að fá kerfið til að vinna saman í kringum barnið? Mikilvægt sé að grípa fyrir inn í málefni þeirra. Farsældarlöggjöfin sem unnið er að sé grunnurinn sem þarf að vera til staðar. Innleiðing laganna taki nokkur ár og hafi nokkur sveitarfélög nú þegar tekið þátt í þeirri innleiðingu.

Ásmundur kom víða við og að loknu erindi sínu leitaði hann eftir spurningum Gammasystra. Áhugaverðar spurningar þeirra lutu m.a. að nýrri Menntamálastofnun, fjölbreyttum starfsstéttum í grunnskólum, starfsþróun, leikskólastiginu, stuðningi við líðan starfsfólks og þjónustu við smærri sveitarfélög og brothættar byggðir.

Áttundi fundur 26. apríl

Svana Friðriksdóttir sem kannað hefur útilistaverk í borginni leiddi göngu um miðbæinn þar sem mörg áhugaverð listaverk eftir konur voru skoðuð. Gammakonur stöldrúðu m.a. við útiverk Ólafar Nordal sem hún gerði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Gaman var að koma við á fyrrum heimili Vilborgar Dagbjartsdóttur Gammasystur okkar þar sem skoðað var útilistaverk eftir listakonuna og nágretta Vilborgar, Borghildi Óskarsdóttur. Verkið er ljóð eftir Vilborgu sem rist hefur verið í leir á húsið og lýsir fallettum samskiptum þeirra grannkvenna.

Síðdegi í september

Í haustvindinum
blakta drifhvít sængurver
grannkonu minnar
rétt eins og óskrifuð blöð
sem biðja mig um ný ljóð
Vilborg Dagbjartsdóttir

Gammasystur nutu sögugöngunnar og fræddust um listaverk kvennanna. Svana bauð fundarkonum heim til sín eftir gönguna þar sem veitingar voru reiddar fram og margt skrafað. Meðal annars tók til máls Ragnheiður Stefánsdóttur og sagði frá góði reynslu sinni af sjúkrahjálfun í St. Jóseppspítala þar sem Oddfellowreglan hefur innréttað mjög hlýlega og fallega aðstöðu.

Níundi fundur verður haldinn þann 23. maí

Meginefni fundarins verður að taka inn fjórar nýjar konur í Gammadeild. Þær eru:

- Ása Valgerður Sigurðardóttir tónlistarkennari og kórstjóri við Hörðuvallaskóla og kennir íslensku sem annað mál við Kársnesskóla.
- Hildur Ingvarsdóttir skólameistari Tækniskóla Íslands.
- Ragný Þóra Gudjohnsen lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Þórdís Ólafsdóttir sérkennsluráðgjafi við Borgarholtsskóla.

Edda Pétursdóttir, formaður 2021-2022
Hrefna Sigurjónsdóttir, formaður 2022-2023
Sigrún Aðalbjarnardóttir, varaformaður 2022-2023

Deltadeild

Starfsárið 2021-2022

Fyrsti fundur Deltadeildar starfsárið 2021 – 2022 var haldinn 29. september í Tónlistarskólanum á Akranesi. Fundurinn hófst með heimsókn til **Helenu Guttormsdóttur lektors við Landbúnaðarháskóla Íslands** á heimili hennar við Bjarkargrund 20 þar sem jafnframt er vinnustofa föður hennar heitins og nú hennar. Helena sagði sögu sína og þróun þess að hún er það sem hún er í dag og kom þar við sögu saga föðurleggs hennar frá Uppsala í Svíþjóð. Mjög áhugaverð og fjölbreytt efni sem hún sýndi okkur.

Á starfsárinu voru haldnir 5 fundir. Októberfundurinn haldinn í Reykjavík, heimsókn til **Mixtúru**, sköpunar-og upplýsingartæknivers Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem staðsett er í Mjóddinni. Þar tóku á móti okkur Bjarndís Fjöla Jónsdóttir (félagi í Gammadeild) og Þorbjörg S. Þorsteinsdóttir. Þær voru fyrst með kynningu á hinum ýmsu hlutverkum Mixtúru, en þar er t.d. starfrækt snillismiðja og fullbúið ljós-og hljóðstúdíó. Það var áhugavert að sjá að hægt er að nýta tæknina á ýmsan hátt t.d. hvað varðar tungumál og alveg niður í ung leikskólabörn. Einnig hvað einföld snjalltæki geta nýst á fjölbreyttan hátt í kennslunni með ýmsum öppum og fylgihlutum. Þær sögðu okkur líka að þær taka alveg við fyrirspurnum frá kennurum utan Reykjavíkur og hjálpa eftir megni og hægt er að fá leiðbeiningar og bækur lánaðar hjá þeim, jafnvel að fá að prufa einhver tæki ef vel stendur á hjá þeim.

Næsti fundur var 16. febrúar og var haldinn í **Reykholti í Borgarfirði**. Jónína Eiríksdóttir tók á móti hópnum í gamla héraðsskólanum sem nú geymir varaeintakasafn Landsbókaafns Íslands en hún er eini starfsmaður þess safns, sem sinnir því reglulega á staðnum. Hlutverk safnsins er að varðveita prentuð íslensk gögn og einnig prentanir erlendis. Í gildi eru lög um skylduskil og safnið er einn af varðveislustöðum þjóðarinnar, lokaður almenningi. Gagnir, landskerfi bókasafna á Íslandi heldur utanum forða safnsins einsog annarra safna á landinu.

Fundurinn var síðan haldinn á heimili Jónínu. Þetta var bókafundur, sem er fastur liður í Deltadeildinni eftir jólabókaflóðið. **Eva Björg Ægisdóttir rithöfundur**, kom á fundinn til þess að fjalla um verk sín en Eva er fædd og alin upp á Akranesi. Eva hefur skrifað fjórar bækur og eru ritstörfin hennar aðalstarf. Nýjasta bók hennar sem kom út um síðustu jól heitir “Þú sérð mig ekki” Deltakonur höfðu valið sé þá bók til að lesa yfir jólin.

24. mars var fundur haldinn á veitingastaðnum Grjótinu á Akranesi. Á fundinum var **inntaka nýrra félaga**. Gunnhildur Björnsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir voru teknar inn í Deltadeild og framkvæmdu Elsa, Halldóra og Jónína Erna inntökuathöfnina sem var hátíðleg og gott líka fyrir okkur allar að rifja upp táknið okkar og markmiðin, en nokkuð er síðan að teknir voru inn nýjar konur. Nýju félagarnir eru frábær viðbót í félagið og þjóðum við þær enn og aftur innilega velkomnar. Við fengum góða gesti í heimsókn þær Veru Knútsdóttur, heimsmarkmiðasérfræðingur (eins og hún titlar sig í símaskrá) og Anney Ágústsdóttur leikskólastjóra. Vera kynnti fyrir okkur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem eru 17 talsins og hversu frábær þau í rauninni eru og hversu margt í þeim er sjálfsagt að samþætta inn í líf okkar og þeirra stofnanna sem við vinnum í. T.d. ræddi hún orðið/hugtakið Sjálfbærni, en það felur í sér mjög margt. Ekki bara að endurvinnna, heldur kannski miklu frekar að kaupa minna/nota minna og nýta hluti betur. Anney fræddi okkur um starfið í leikskólanum Akrasel en hann er eini leikskólinn á landinu sem er svokallaður Unesco- skóli og vinnur markvisst með heimsmarkmiðin.

Síðasti fundur vetrarins var **aðalfundur**, haldinn 1. júní 2022 á Laxárbökkum í Hvalfjarðarsveit. Jónína Erna Arnardóttir formaðurinn flutti okkur hugleiðingar sínar við tímamót deildarinnar. Hún lýsti þakklæti sínu fyrir andrúmsloftið, sem þar ríkti, ósvikin vinátta með trausti og veljvilja. Það væri sama um hvað væri beðið, allir legðu fram krafta sína og kynnin við féлага deildarinnar sem og féлага vítt og breitt um landið hefði gefið sér óendanlega mikið. Fyrir allt þetta sagði Jónína Erna nú vilja þakka sem og allt annað gott, sem starfið í Deltadeild hefði gefið sér. Þess var einnig getið að sex

konur sóttu vörðstefnuna á Grand-hótel 7. maí 2022 og hve gaman var að hitta aðrar konur og heyrja áhugaverða fyrirlestra.

Ný stjórn tók við á fundinum, en hana skipa: Halldóra Jónsdóttir formaður, Elísabet Jóhannesdóttir fyrsti varaformaður, Valgerður Janusdóttir annar varaformaður, Sigurveig Sigurðardóttir ritari og Sóley Sigurþórsdóttir er áfram gjaldkeri.

Að svo búnu héldu konur heim til sín og fengu í skilnaðargjöf frá fráfarandi formanni Jónínu Ernu smjörsalatplöntu. Með fyrirheit um að hugsa vel um hana og njóta afurðanna, skildu leiðir út í sumarið.

Starfsárið 2022-2023; Lærum og leiðum – faglegar og framsæknar.

Ný stjórn hóf starfsemi með haustinu og fyrsti stjórnarfundur var 7. september 2022. Á fundinum voru lögð drög að vetrardagskránni og gengið frá skjölum varðandi stjórnarskiptin. Formaður fundaði einnig með Elsu fyrsta varaformanni 20. september, en hún komst ekki á fyrri fundinn.

Fyrsti fundur var haldinn 13. október á Laxárbökkum, Hvalfjarðarsveit. **Dóra Líndal Hjartardóttir tónmenntakennari** var gestur fundarins. Dóra býr á Vestri-Leirárgörðum í Hvalfjarðarsveit. Hún kenndi við Heiðarskóla í mörg ár og einnig við Tónlistarskólann á Akranesi. Dóra er hætt kennslu vegna aldurs en situr alls ekki auðum höndum. Það sem vakti athygli okkar á Dóru er að hún er mikil handavinnukona og er að gera margt spennandi með ullina, fer ótroðnar slóðir. Dóra flutti erindi um ullina, “Ull er gull” og sagði frá ráðstefnu á Gotlandi sem hún sótti nýlega. Ullin af íslensku sauðfé skiptist í þel og tog og eitt er víst að fjölmörg tækifæri liggja í nýtingu íslensku ullarinnar. Þá sýndi Dóra Líndal okkur hvernig hún spinnur úr ullinni og bauð okkur að prófa og ekki stóð á konum að prófa þetta aldargamla handbragð. Við vorum hæstánægðar og sýnir okkur að það er margt hægt að gera þó hefðbundinni starfsævi sé lokið.

Halldóra sagði frá Framkvæmdaráðsfundi sem var haldin 17. sept s.l. á Center holtel í Reykjavík. Formaður og varaformaður fóru á fundinn. Fundargerð má sjá á vefnum og er gagnlegt fyrir okkur allar að skoða fréttir frá Landssambandinu.

Næsti fundur haldinn á Bifröst 16. nóvember. Halldóra formaður setti fundinn, las nokkur erindi frá aðalstjórn og bauð svo gest fundarins **Margréti J. Njarðvík rektor Háskólans á Bifröst** velkomna og þakkaði henni fyrir að taka á móti okkur. Margrét byrjaði sitt erindi á að segja frá nánnum tengslum sínum við Borgarfjarðarhérað. Hún fór síðan yfir sögu og samfélagslega þýðingu skólans áður en hún sagði frá núverandi starfsemi hans og markmiðum. Einkenni skólans er og hefur verið að hann lagar sig að þörfum samfélagsins. Nemendur eru nú um 1100 á ársgrundvelli og um 70% þeirra eru konur. Gildi skólans nú eru samvinna, ábyrg, frumkvæði. Eftir mjög áhugavert erindi Margrétar var fundi slitið og haldið að Hraunsnefi þar sem var borðað. Jónína Eiríksdóttir flutti orð til umhugsunar og þar leiddi hún hugann að stöðu flóttafólks frá Úkraínu sem á sér skjól hér á Bifröst og hvernig við Íslendingar tökum á móti þeim. Við sem erum alinn upp við að allir eigi jafnan rétt og möguleika. Hún vitnaði í kver sem innihélt fyrirlestur Ólafs Ólafssonar prests frá 1891 sem fjallaði um kjör olnbogabarna og mikilvægi aukinna kvenréttinda.

Desemberfundi *aflýst v.veðurs*. Áætlað var að heimsækja Sigrúnu Þormar í Snorrastofu. Það verður að bíða betri tíma.

Fjórði fundur haldinn á Garðavöllum, Akranesi í febrúar. Formaður tilkynnir breytingu á dagskrá, Sigrún Jóhannesdóttir hefði ekki komist á fundinn vegna veðurs. Aksturskilyrði um Kjalarnes slæm. Erindi hennar frestað. Þetta var fyrsti fundur eftir jól og var einnig bókafundur. Jónína Erna stýrði umræðum um bækurnar *Hamingja þessa heims* eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur og *Álfadalur* eftir Guðrúnu J. Magnúsdóttur. Líflegar umræður voru um bækurnar og fram komu mismunandi skoðanir og upplifanir við lesturinn. Almenn t var álitnið að höfundum hefði tekist vel með höfundarverk sín, þó voru skiptar skoðanir um bókina *Hamingja þessa heims*. Álfadalur snart okkur djúpt, erfitt viðfangsefni sem höfundur fjallar um og gerir vel. Orð til umhugsunar flutti Gunnhildur Björnsdóttir.

Lagði hún út frá því að hafa að leiðarljósi að vera góð manneskja, hvað gerir mig að góðri manneskju? Hún sagðist hafa tileinkað sér úr föðurgarði ljóðlínu úr ljóði eftir Vilhjálmi Vilhjálmsson: *Allt hið góða í heimi haldi í hönd á þér og með þér sé.* Happdrættið var á sínum stað og að lokinni dagskrá var borinn fram dýrindis kvöldverður sem Hlynur kokkur sá um.

Síðasti fundur vetrarins var haldinn 8. mars. Fundurinn var haldinn í húsnæði Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12. Þar tóku á móti okkur **Soffía Vagnsdóttir félagi í Kappa deild**, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu og **Guðrún Edda Bentsdóttir landssambands forseti**. Halldóra Jónsdóttir formaður viðhafði nafnakall að fundarsetningu lokinni, 14 konur mættar og kveðjur fluttar frá fjarstöddum konum. Þá var komið að erindi Soffíu sem nefndist “**forvitni – sköpun – mennska**”. Þar fjallaði hún um óttann við breytingar sem hefði svo áhrif á hvernig horft væri til framtíðar. Það væri mikilvægt að breyta hugarfari og í stað þess að líta á framtíðina með ótta og áhyggjum þá að líta á hana sem afl til breytinga og umgjörð um spennandi tækifæri. Einnig ræddi hún áherslubreytingar í menntun og kennslu og vitnaði í nýja skýrsla WEF þar sem tilfinningagreind, leiðtoga- og félagsfærni auk frumkvæðishæfni eru talin mikilvægustu áherslupættir í menntun. Hún taldi að í ljósi þess þyrfti að skoða þá menntun sem veitt er í skólum landsins. Þar þyrfti einnig að huga enn frekar að fjölmenningu og að láta raddir barna heyrast.

Sigrún flutti síðan orð til umhugsunar. Nefndi hún þau: **Breytingar – framfarir?** Hún sagðist ekki vera jafn viss og Soffía um að allar breytingar væru framför.

Að lokum var snæddur kvöldverður á tælenska veitingastaðinn Ban Tai við Hlemm. Borðuðum góðan mat og áttum ánægjulega samveru, áður en haldið var heim á leið.

Stjórnarfundur var 1. mars 2023 á heimili formanns. Mættar voru auk formanns Elsa og Valgerður og rætt var við gjaldkera í síma. Rætt um dagskrá vorsins og nauðsyn þess að fjölga konum í deildinni. Ákveðið að leggja til að breyta til á síðara starfsárinu, á þann veg að fela undirbúning fundar félagskonum. Skipta okkur í hópa. Vonum að þetta falli í góðan jarðveg hjá félagskonum.

Halldóra Jónsdóttir, formaður Deltadeildar.

Epsilondeild

2022-2023

Stjórn Epsilondeildar 2022–2024: Guðríður Egilsdóttir formaður, Margrét Guðmundsdóttir varaformaður. Guðrún Sigríks Sigurðardóttir ritari, Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri og Ester Hjartardóttir meðstjórnandi.

Það voru glaðar Epsilon systur sem hittust á fyrsta fundi starfsásins sem haldin var í nýjum Grunnskóla Hveragerðis. Þar fór ný stjórn yfir áherslur á starfsárinu og ákváðum við að leggja áherslu á að vera fyrirferðarmiklar í nærsamfélaginu þannig að fólk taki eftir okkur. -Við höfum allrar mikla þekkingu á hinum ýmsu málum og getum látið muna um okkur. Aðaldagskrárefnið var erindi sem Margrét Guðmundsdóttir flutti um lokaverkefnið sitt til MS. prófs í talmeinafræði – Málfærni yngri barna í grunnskóla. Var gerður góður rómur að erindinu. Eftir Fund var farið í Matkrána þar sem var gætt sér „smörrebröd med tilbehör”.

Annar fundur var haldinn í leikskólanum á Stokkseyri þar sem formaður sagði frá fundi formanna og aðalstjórnar DKG en þar talaði Sigríður Indriðadóttir hjá Saga Competence um jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. Hún nefndi að það væri nauðsynlegt að fundirnir væru skemmtilegir og að öllum liði vel. Ósiðum yrði að láta af sem gæti falist í hópamyndunum og slíku, við yrðum að setja okkur mörk, ekki spara hrósyrðin og velja að hafa áhrif til góðs. Formaður hreifst af fyrirlestrinum og sagði að það væri ekki úr vegi að við fengjum Sigríði til okkar á fund við tækifæri. Við töluðum um hvernig við gætum fengið fleiri konur til liðs við okkur. Það spruttu upp skemmtilegar og gagnlegar umræður um skilyrði og framkvæmdir við inntöku nýrra kvenna. Markmiðið okkar er að reyna að fjölga um eina til tveimur konum í deildinni okkar á ári. Upp kom hugmynd um að Epsilon-systur stæðu fyrir málþingi um læsi í víðum skilningi fyrir öll skólastigin. Það væri liður í að vekja athygli á DKG í nærumhverfi okkar.

Desember fundinn, eða þriðja fund vetrarins, héldum við heima hjá formanni okkar Guðríði Egilsdóttur en á honum var Margrét Steinunn Guðjónsdóttir, kennari og djákni, gestur fundarins. Hún sagði okkur frá sjálfri sér og talaði um feril sinn, hvernig það kom til að hún varð kennari. Teningnum var kastað þegar skólastjóri hringdi í hana og bað hana að koma að kenna hjá sér. Eftir að hafa kennt sem leiðbeinandi um hríð, fór hún í Kennaraháskólann og útskrifaðist þaðan. Eftir 30 ára kennsluferil og áskorun í lífinu þegar hún fékk brjóstakrabba, ákvað Margrét Steinunn að söðla um. Hún fór í Háskóla Íslands í djáknanám, í guðfræðideildinni. Nú starfar Margrét Steinunn sjálfstætt við sálsgæslu og er með endurhæfingarhópinn *Aftur út í lífið* hjá Krabbameinsfélagi Árneseinga.

Vináttan og hamingjan

Rauði þráðurinn í spjalli Margrétar Steinunnar var vináttan og vitnaði hún í þessa klausu: Að verða vinur tekur stutta stund - að vera vinur tekur ævina á enda. Eftir veikindin spurði hún sjálfa sig þessara spurningar: Hvað vil ég fá inn í líf mitt? Og svarið var: Ást, hamingju, kærleika, jákvæðni, sátt, öryggi, hugrekki, gleði og tilhlökkun. Margrét Steinunn benti á að við þyrftum ekki að leita langt yfir skammt að hamingjunni. Hún væri oft handan við hornið, jafnvel við eldhúsborðið og í hinu daglega lífi. Viðhorf okkar hefur mest að segja. Við getum tekið ákvörðun um að vera hamingjusamar og við þurfum að reyna að temja okkur að sjá hið jákvæða þegar eitthvað bjátar á og forðast að festast í fórnarlamb gírnum. Hún endaði spjallið með þessari skopsögu:

Þrír bræður komu að hamingjunni sitjandi úti í skurði.

Hamingjan spurði þann fyrsta hvað mætti bjóða honum.

-Hann bað um fulla vasa fjár. Honum varð að ósk sinni og snéri glaður heim á leið.

Hamingjan spurði þann númer tvö hvað hann vildi. Hann óskaði sér einskis heitara en að eignast fallega konu. Sá fékk ósk sína einnig uppfyllta.

Þá snéri hamingjan sér að þeim þriðja og bar upp sömu spurningu.

"Veistu, mér dettur bara ekkert í hug", svaraði hann, "en hvað má bjóða þér?". Hamingjan svaraði hissa: "Það væri nú gott að komast upp úr þessum skurði".

Hann hjálpaði henni upp og hélt svo heim á leið ... og hamingjan elti hann.

Við fórum glaðar og saddar heim eftir að hafa gætt okkur á góðum smáréttum sem keyptir voru af veisluþjónustu á Selfossi.

Fjórði fundur vetrarins var bókafundurinn okkar sem við höldum að Iðu í Biskupstungum í janúar. Epsilon-systur óku í hlað að Iðu, rétt fyrir tilsettan tíma, að heimili Epsilon systur okkar Elínborgar Sigurðardóttur. Eftirvænting skein úr svip systra þegar þær klæddu sig úr hlýjum og skjólgóðum fatnaði. Þetta var fyrsti fundur á nýju ári og bókafundur, þar sem systur segja frá bókum sem þær lásu yfir hátíðirnar eða á liðnu ári. Systur hröðuðu sér með matarföng á sameiginlegt veisluborð sem var fljótt að fyllast af kræsingum sem borðað var í hléi frá bókakynningunni. Dásamlegur fundur sem var bæði nærandi fyrir sál og líkama.

Fimmti og síðasti fundur vetrarins var haldin í Sesseljuhúsi að Sólheimum í Grímsnesi í mars. Á þessum fundi buðum við 5 nýjum konum að vera með okkur sem við stefnum á að taka inn í deildina okkar í haust. Sigríður Guttormsdóttir Epsilon systir kynnti starfsemi DKG fyrir gestum og félögum og fór yfir það sem konum finnst þær fá út úr því að vera í samtökunum DKG en það er: fræðsla, gleði, vinátta, fagleg vitund og tengslanet (byggt á könnun sem lögð var fyrir félagskonur). Bolette Høeg Koch flutti okkur orð til umhugsunar en hún sagði frá á persónulegum nótum og fjallaði um formæður sínar, ömmur og mömmu en tilefni þess var alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars. Formæður hennar voru allar sterkar fyrirmyndir. Þær gengu menntavegin og unnu úti sem ekki var algengt á þeim tíma. Við fengum fræðslu eftir fund um Sesseljuhús umhverfissetur sem er timburhús með grasþaki og voru sjónarmið umhverfisverndar í hávegum höfð við hönnun og smíði þess. Lamsull var notuð til að einangra veggi og gólf en magnið sem notað var samsvarar ull af um það bil 2.400 kindum. Arkitekt Sesseljuhúss er Árni Friðriksson. Í samkomusal Sólheima sáum við fræðslumynd um sögu Sólheima og frumkvöðulinn Sesselju Sigmundsdóttir sem stendur á bak við þetta einstaka samfélag. Áður en við snæddum á Grænu Könnunni sáum við tiltölulega nýopnað safn um Sólheima. Þetta er mjög skemmtilegt og vel uppsett safn. Maturinn sem við fengum á Grænu Könnunni var afbragð. Það var skemmtilegt að setjast saman og spjalla eftir frábæran fund og fræðslu með nýjum og gömlum Epsilon systur.

Helstu fréttir af starfi Epsilondeildar eru þær að deildin ætlar að standa fyrir málþingi um læsi, í víðum skilningi, fyrir öll skólastigin í haust. Hugmyndin kom upp á fundi þegar rætt var um hvernig Epsilondeild gæti vakið athygli á starfi DKG í nærumhverfi sínu. Guðríður formaður er búin að fá vilyrði fyrir salnum í Fjölbrautarskóla Suðurlands. Málþingið verður haldið seinni part dags næsta haust en dagsetning er enn óákveðin. Við stefnum á góða fundarsókn, fræðandi, nærandi og skemmtilega deildarfundi næsta vetur.

Guðríður Egilsdóttir, formaður Epsilondeildar

Etadeild

Starfsárið 2021- 2022

Starfsárið hófst 1. nóvember 2021 á veitingastaðnum Finnsson Bistro. Á fundinn mættu 13 félagskonur. Orð til umhugsunar flutti Björg Kristjánsdóttir formaður. Ræddi hún um mikilvægi hugleiðslu og íhugunar. Sagði hún frá reynslu sinni og hvatti systur til að gera slíkt hið saman. Þá mælti hún með sérstöku appi sem hægt er að hlaða niður og iðka hugleiðslu heima. Erindi kvöldsins nefndist Ákall um aðgerðir og var það Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir flutti erindi um málefni sem brennur á okkur öllum í dag, verndun jarðarinnar og ákall um aðgerðir strax. Erindið hafði mikil áhrif á fundarkonur og sköpuðust miklar umræður um mikilvægi okkar allra til þess að bæta heiminn. Rætt var um aðgerðir sem við sjálfar getum tekið þátt í og þá byrjað á okkur sjálfum.

8. desember 2021 var jólafundur Eta deildar og haldinn heima hjá Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur. Gestur fundarins var Fríða Ísberg rithöfundur og las úr bók sinni Merking. Brynhildur Ragnarsdóttir var með orð til umhugsunar.

Haldnir voru þrjár fundir á vormisseri 2022. Á fundi ETA deildar þann 8. febrúar 2022 sem haldinn var á Kringlukránni voru tvær nýjar systur boðnar velkomnar við hátíðlega athöfn, þær Auður Leifsdóttir og Hulda Karen Daníelsdóttir. Á fundinum flutti dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, adjunkt við Háskóla Íslands fyrirlesturinn Sjónarmið barna og áhrif þeirra, afar áhugaverður fyrirlestur.

Þann 23.mars 2022 var haldinn fundur í Hannesarholti. Þá var þriðja ETA-systirin á þessu ári formlega tekin inn, Helga Þórðardóttir. Dagbjört Ásbjörnsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar á skóla-og frístundasviði Reykjavíkur flutti afar áhugavert erindi og fræðandi um málefni og stöðu flóttabarna.

Lokafundur ETA deildar var haldinn í Hannesarholti 19. maí þar sem jafnframt fóru fram stjórnarskipti. Ragnhildur Konráðsdóttir ETA systir flutti orð til umhugsunar og ræddi um síðasta vorþing. Fjallaði Ragnhildur um inntak vörráðstefnu DKG, en þar var lögð áhersla á þróun á námi og fjölbreyttari námsleiðum með aukinni tækninotkun. Þá var komið inn á áhrif Covid á nám, þar sem kennarar urðu að tileinka sér tækni til að geta sinnt nemendum sínum á þessum erfiðu tímum, mikilvægi hláturs, gleði og hímors í samskiptum og á vinnustöðum. Fráfarandi formaður Björg Kristjánsdóttir las upp fundargerðir síðustu fjögurra ára. Þá var fráfarandi stjórn þökkuð vel unnin störf á krefjandi tímum og ný stjórn boðin velkomin. Þá gladdi Eyjólfur Kristjánsson söngvari okkur með gítarleik og ljúfum söng og tóku ETA systur vel undir.

Starfsárið 2022-2023

Ný stjórn tók til starfa í Eta deild, Ólöf Helga Þór formaður, Sigríður Heiða Bragadóttir varaformaður, Jóhanna Thelma Einarsdóttir vefstjóri, Hafdís S. Sigurgeirsdóttir gjaldkeri, Ásta Lárusdóttir ritari. Haldnir voru tveir fundir á haustmisseri. Á fyrri fundinum var Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, gestur okkar. Hún fjallaði um stöðu tvítýngdra barna í skólum landsins og hvað væri til ráða. Þetta var mjög fróðlegur fyrirlestur og vakti okkur til umhugsunar um stöðu erlendra nemenda í skólunum okkar.

Annar fundur var haldinn í leikskólanum í Rauðhóli. Guðrún Sólveig Vignisdóttir leikskólustjóri og Gunnhildur Fjóra Ágústsdóttir deildarstjóri sögðu okkur frá starfi leikskólans en hann hlaut viðurkenningu Íslensku menntaverðlaunanna árið 2022 fyrir fagmennsku, gæði í leiksskólastarfi og öflugt þróunarstarf. Jafnframt var okkur sagt frá útikennslu í Björnslundi um leið og við fengum frábæran þríréttaðan kvöldverð sem eldaður var af matráði leikskólans.

Á vorönn hafa verið haldnir þrjár fundir í Eta deild. Fyrsti fundur ársins var haldinn 1. febrúar í Hannesarholti. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir sá um Orð til umhugsunar og flutti afar áhugaverða kynningu og myndasýningu um formóður sína á meðal Vestur-Íslendinga. Fyrirlesari var Pála Hallgrímsdóttir verkefnastjóri Snorraverkefnanna. Þetta er mjög áhugavert verkefni sem leggur áherslu á að byggja brú milli menningarsvæða, með því að bjóða fólki af íslenskum ættum frá Norður-Ameríku hingað til lands. Markmiðið er að efla tengsl afkomenda

vesturfaranna við Ísland og Íslendinga með því að kynna fyrir þeim tungumál og menningu með dvöl hjá ættingjum vítt og breitt um landið. Á sama hátt er íslenskum ungmennum boðið að fara til fjögurra vikna sumardvalar á slóðir Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku. Fundarkonur tóku síðan lagið saman eins og þær gera svo gjarnan eftir að hafa notið samveru, fræðslu og veitinga.

Annar fundur vorannar var haldinn í mars mánuði í Fjölbrautaskóla Breiðholts. Skólameistarinn Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir tók á mótí okkur í FABLAB smiðju skólans. Forstöðukonu smiðjunnar, Þóra Óskarsdóttir fræddi okkur um starfsemina en FabLab Reykjavík er hluti af FabLab Ísland. Verkefnið felst í að reka stafræna smiðju sem styður við nýsköpunarhugmyndir meðal almennings, innan menntastofnana og í atvinnulífinu. Síðan tók sviðstjóri Rafvirkjabrautar í skólanum, Sigursteinn Óskarsson, á mótí okkur í kennslustofum brautarinnar og kynnti starfsemi hennar. Fram kom að mikil aðsókn er að náminu sem er bæði verklegt og bóklegt og eru nemendur 368 talsins. Var nú komið að veitingum og undir borðhaldi hélt Halldóra Björnsdóttir, íþróttafræðingur, mjög áhugaverðan fyrirlestur um beinvernd „*Sterk bein fyrir góða daga*“. Þetta var sérstaklega fræðandi fundur.

Þriðji fundur vorannar var haldinn um miðjan apríl í Glerskálanum í Finnsson Bistro. Fundurinn hófst með bráðskemmtilegum pistli Sigríðar Heiðu Bragadóttur í Orð til umhugsunar um Ritun í skólastarfi. Þá var inntökuathöfn nýs félaga í Eta deild Sigríðar Ólafsdóttur, dósentis við Menntavísindasvið. Inntökuathöfninni lauk með hópsöng deildarinnar *Vorvindar gladdir*. Síðan sagði Jóhanna Thelma Einarsdóttir frá alþjóðlegri rannsókn á persónulegum frásögnum 10 ára barna. Ísland hefur tekið þátt í þessari rannsókn með þátttöku 22 barna. Í frásögnum/sögum barnanna áttu börnin að lýsa m.a. því : Þegar þau voru pirruð. Þegar þau voru stolt. Hverju þau hafa áhyggjur af og fleira. Eftir innlögn Jóhönnu var félögum í deildinni skipt í fjögurra manna hópa og völdu hver sína sögu/reynslu og sögðu hópnum. Þá sögðu nokkrir félagar deildinni sína sögu. Að lokum var mjög góðum og skemmtilegum fundi lokið með hópsöng *Sunnan yfir sæinn breiða*.

Kappadeild

Starfsárin 2021-2023

Starfsárið 2021-2022 var boðað til sjö funda þar sem allir nema einn voru staðfundir en einn fund þurfti að fella niður vegna víðtækra veikinda sem herjuðu á lykilmanneskjur tveggja deilda (Kappa og Lambda) sem ætluðu að funda saman. Eini fjarfundurinn seinna árið var bókafundurinn í janúar. Kappakonur hafa því sýnt mikinn sveigjanleika til að hittast á þessum óvanalegum tímum og um leið dýpkað þekkingu sína á, ekki bara tæknilegum málum heldur líka á mikilvægi vináttunnar. Skipulagðir voru sjö fundir á þessu starfsári og búið er að halda sex af þeim, meðal mæting á fundina hefur verið um 70% og vorfundur fyrirhugaður 25. maí n.k.

Fjöldi félagskvenna og fjölgun í deildinni

Kappasystur voru 25 í lok starfsársins 2021 en fjölgaði um eina strax um haustið þegar Erla Guðjónsdóttir gekk aftur til liðs við deildina. Fjórir konur voru teknar inn á aðalfundi 18. maí 2022 og voru því Kappasystur 30 talsins þegar hauststarf 2022 hófst. Gunnhildur Óskarsdóttir lést á starfsárinu og ein sagði sig frá deildinni vegna persónulegra aðstæðna og eru því Kappasystur 28 talsins á vormánuðum 2023.

Fyrirkomulag funda

Kappadeildin hefur þróað afar lýðræðislegt fyrirkomulag við undirbúning funda með því að mynda litla vinnuhópa um hvern fund og á þann hátt að hvetja konur til að vinna saman að skiplagi a.m.k. eins fundar á ári. Þannig hafa allar konur rödd til að ákveða hvaða fræðslu gott væri að taka fyrir og um leið er tíma- og verkefnaálagi dreift betur, á milli önnum kafinna kvenna. Fyrir hvert starfsár setur stjórn saman starfsáætlun, býr til samstarfshópana og ákveður dagsetningu funda allt árið. Sá fyrirsjáanleiki er nauðsynlegur í dag. Ein kona er nokkurs konar teymisstjóri fyrir hvern hóp og heldur utan um samskiptin og sér til þess að verkefnið er klárað í tæka tíð. Starfsáætlun er alltaf rædd og samþykkt á fyrsta deildarfundum vetrarins að undagenginni kynningu á netinu. Þá er á öllum fundum alltaf haldið í hefðir og fundarsköp DKG samtakanna.

Þemu og viðfangsefni funda

Yfirþema fyrra ársins var hins vegar ákveðið „Lærum og leiðum, faglegar og framsækningar“. Yfirþema 2022-2023 Lærum og leiðum - faglegar og framsækningar í átt að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Veturinn 2021-2022

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 7. október hjá Iðunni Fræðslusetri og var undirbúningur í höndum stjórnar. Um var að ræða fyrsta nærverufundinn í langan tíma og auðvitað urðu fagnaðarfundir. Sextán konur voru mættar. Hér var starfsáætlun rædd og samþykkt og Guðrún Edda Bentsdóttir, *nýi forseti landssambandsins*, fór yfir áherslur DKG og formaður flutti fréttir frá fundi landssambandsins (?). Herdís Anna flutti orð til umhugsunar og fjallaði að þessu sinni um vináttu og þrautseigju. *Það má alveg segja að þessi dagskrárliður ýti alltaf við konum og veki til umhugsunar um mannbætandi og aðkallandi mál. Rósir og kerti voru á sínum stað, eins og alltaf.*

Annar fundur var haldinn 11. nóvember og hófst í Listasafni Íslands þar sem fræðst var um safnafræðslu og hvernig skólar væru studdir til þess að sinna því hlutverki. Skoðuð var sýningin Halló geimur og nokkur listaverk okkar frægustu listamanna túlkuð út frá þessa sýningarinnar. Sautján konur voru mættar og færðist fundurinn síðan í heimahús, til Valgerðar Magnúsdóttur þar sem borinn var fram léttur kvöldverður samhliða fundarhöldum. Orð til umhugsunar flutti Guðný Gerður og veitti konum innsýn inn í mikilvægi varðveislu minja og menningarverðmæta þegar fjallað er um neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga. Hún minnti fundarkonur einnig á rótgrónar gamlar íslenskar hefðir og verklag þar sem allt var nýtt og endurnýtt.

Jólafundurinn var haldinn hátíðlega í safnaðarheimili Guðríðarkirkju, 9. desember og voru 20 þrúðbúnaðar konur mættar. Fundurinn var með jólasniði og bæði söng og gjöfum en gestur kvöldins var Sigrún Helgadóttir líffræðingur sem kynnti bók sína „Sigurður Þórarinnsson -Mynd af manni“. Þar er dregin upp mynd af fjölbættum og áhrifamiklum vísinda- og alþýðumanni í íslensku þjóðfélagi. Kappakonur fréttu seinna að bókin hlaut hin íslensku bókmenntaverðlaun í flokki fræðiritna, og voru ekki svo undrandi á því þar sem bókin er stórvirki. Valgerður Magnúsdóttir flutti orð til umhugsunar sem fjallaði um það hvernig neysluhyggjan gerir okkur að umhverfissóðum og hvernig við gætum brugðist við því.

Fjórði fundur var haldinn 25. janúar á netinu og var um að ræða bókafund deildarinnar. 22 konur voru mættar og fjölluðu að þessu sinni fjórar konur um eftirtektarverðar bækur og einnig var tekinn saman yndislestrarlistinn sem er að festa sig í sessi. Sigríður Johnsen fjallaði um sögulegu skáldsögunar *Blóðberg* eftir Þóru Karitas Árnadóttur, Dagný Broddadóttir fjallaði um *Sjö systur* eftir Lucindu Riley, Áslaug Ármannsdóttir um *Parísarkonuna* eftir Paulu McLain og aðrar tengdar bækur við þá sögu og að lokum mælti Guðrún Edda sérstaklega með tveimur bókum; *10 mínútur og 38 sekúndur í lífi í þessari undarlegu veröld* eftir tyrkneska höfundinn Elif Shafak og *Stúlka, kona, annað* eftir Bernardine Evaristo. Margar aðrar kvöddu sér hljóðs og á óvart kom (eða ekki) að allar bækurnar sem framsögukonur völdu fjölluð á einhvern hátt um líf og kjör kvenna og hvernig þær mættu órétti og erfiðleikum hvar sem þær voru staddar í samfélaginu. Á þessum fundi var byrjað að hefja fyrir alvöru inntökur nýrra félagskvenna í deildina.

Fimmti fundur starfsársins var skipulagður með Lambda deild þann 9. mars í húsaáskynnum Fjölbrotaskóla Garðabæjar. Hann var felldur niður með stuttum fyrirvara þar sem lykilmanneskjur veiktust allar af Covid en á þessum tíma var mikið um veikindi til að búa til hjarðónæmið eftirsóttá. Búið var að fá fyrirlesara frá Landvernd til að ræða umhverfismál og grænar áherslur og verður hún örugglega boðuð aftur og sameiginlegur fundur boðaður á ný.

Sjötti fundurinn var haldinn 4. apríl hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt og voru 17 konur mættar ásamt þremur verðandi Kappakonum sem hafði verið boðið til sérstaks kynningarfundar til að geta ákveðið framhaldið. Lilja Rós Óskarsdóttir, sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kynnti raunfærnimatsverkefni þar sem hæfni til nokkurra starfa var greind og metin hjá fullorðnu fólki. Sigríður Hulda Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar og lagði út frá gildunum: hugrekki, orka, sátt og verðmæti.

Sjöundi og síðasti fundurinn var síðan haldinn 18. maí sem var um leið aðalfundur þar sem verður kosin ný stjórn og farið yfir starfið hingað til. Uppstillingarnefnd var skipuð í byrjun mars til að koma með tillögum að nýrri stjórn. Í nefndinni voru Sigríður Johnsen, Gunnlaug Hartmannsdóttir og Ingibjörg S. Guðmundsdóttir. Guðrún Edda Bentsdóttir var þeim til halds og trausts. Teknar voru inn fjórar nýjar konur í Kappadeild. Ný stjórn var kosin en hana skipa: Hildur Elín Vignir formaður, Sigrún Kristín Magnúsdóttir varaformaður, Herdís Anna Friðfinnsdóttir, Áslaug Ármannsdóttir og Linda Hrönn Helgadóttir.

Veturinn 2022-2023

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 13. október hjá Iðunni fræðslusetri. Hildur Elín fór yfir mætingu fundarins og voru 17 konur mættar til fundarins. Sigrún Kristín las fundargerð aðalfundar Kappadeildar frá í vor og var hún samþykkt með lófaklappi. Hildur Elín fór því næst yfir drög að starfsáætlun vetrarins, að þema starfsársins væri: *Lærum og leiðum - faglegar og framsæknar í átt að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna*. Var henni gerður góður rómur og kappakonur ánægðar með áherslur og tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þá tók Guðrún Edda til máls og sagði fréttir frá framkvæmdastjórn DKG. Linda Hrönn flutti orð til umhugsunar.

Annar fundur vetrarins var haldinn 9. nóvember.

Sigrún Kristín Magnúsdóttir setti fund í stað Hildar Elínar sem komst ekki á fundinn og kveikti í kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Mættar voru 19 konur en gestafyrirlesari var Kolfinna Jóhannsdóttir, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík. Anna Kristín var með Orð til umhugsunar. Hún tók fyrir sjónvarpsþáttaröð sem sýnd hefur verið á RÚV í nokkrar vikur og fjallaði m.a. um læsi og margskonar gagnrýni og umbótahugmyndir um íslenska skólakerfið. Undir liðnum önnur mál sagði Guðrún Edda frá því að fyrirhugað væri að halda vorþing 13.-14. maí.

Priðji fundur vetrarins var jólafundur haldinn 8. desember.

Hildur Elín Vignir setti fund og bauð konur velkomnar. Nafnakall, 19 konur mættar. Gestur var Olga úr IOTA á Vestfjörðum. Léttur kvöldverður í jólaanda, ljúffeng súpa og brauð. Súkkulaðikaka og kaffi. Jólagestur var Guðrún Eva Mínervudóttir og las hún upp úr nýrri bók sinni, *Útsýni*. Jólagaðir „gefið úr geymslunni“ voru í anda umhverfis og hringrásarhagkerfis. Konur fundu til eitthvað úr skápum og skúffum, pökkuðu inn og glöddu aðra Kappasystur sem drógu spil, fengu jólagjöf og höfðum gaman að! Sigríður Hulda Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar, miðja – menska – minning. Hún sagði frá ljúfri bernsku sinni í Fnjóskadal, dúkku sem fékkst í Amaro, ævintýralegru dótubúð á Akureyri og þegar draumur hennar rættist og hún eignaðist dúkkuna. Sungið saman jólasöngvar undir stjórn Soffíu Vagnsdóttur sem spilaði undir á píanó.

Fjórði fundur var bókafundur haldinn 24. janúar

Júlíana var með orð til umhugsunar þar sem hún gerði gagnrýna hugsun að umtalsefni. Það að við megum ekki gleypa umhugsunarlaust við öllum auglýsingum. Hún tók sem dæmi markþjálfar en þeir eru hópur fólks sem eru duglegir að segja okkur hvað við eigum ekki að gera. Valgerður og Ragnheiður voru með bókakynningu. Valgerður kynnti bókina Brimhólar eftir Guðna Elísson aktívista og umhverfissinna. Ragnheiður fjallaði um bók Petrós Gunnlaugs Garcia, Lunga. Þetta er ættarsaga 20 aldar sem fer alla leið í framtíðina eða til ársins 2089.

Fimmti fundur vetrarins var haldinn 7. mars

Formaður setur fund og kveikir á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Nafnakall. Áður en nafnakall fór fram tilkynnti formaður að Gunnhildur Óskarsdóttir mæti ekki vegna veikinda sinna og er hún nú komin í líknandi meðferð. Erla Guðjónsdóttir er hætt þátttöku í starfi Kappadeildar vegna persónulegra aðstæðna. Á fundinn voru mættar 21 kona. Orð til umhugsunar flutti Sigrún Kristín Magnúsdóttir og gerði hún orðið VON að umhugsunarefni. Þegar ég var ung stúlka og flutti að heiman, hélt til Vínarborgar þar sem ég lagði stund á nám í einsöng við tónlistarháskólann, sendi móðir mín mér Lífsreglur, vísur úr bókinni Hételubóm eftir Erlu en það var skáldanafni Guðfinnu Þorsteinsdóttur (1936). Björg Jóna Birgisdóttir kynnti CENTAUR verkefnið sem er tveggja ára Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins. Hún er verkefnastjóri þess fyrir hönd Listaháskóla Íslands og í verkefninu er lögð er áhersla á að efla, hvetja og styðja við listamenn, frumkvöðla og leiðbeinendur í skapandi greinum og fullorðinsfræðslu.

Sjötti fundur vetrarins var haldinn 17. apríl

Hefðbundin fundarstörf: Nafnakall 19 konur mættar. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar fjallaði um áskoranir sem blasa við okkur í erindi sínu undir heitinu: Hvað getum við gert betur? Hulda Anna fór með orð til umhugsunar og sagði frá ferðalagi sínu umhverfis heiminn – en dvaldi lengst í Japan. Guðrún Edda sagði frá landsþinginu 13. og 14. maí (þær sem vilja vera með mæta auðvitað þann 12) og hvatti konur til þess að koma á þingið.

Með kveðju,
Hildur Elín Vignir, formaður

Iotadeild

Starfsárið 2021 – 2022

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn í Grunnskólanum á Þingeyri 4. október.

Inn er eina leiðin út, erindi frá Aðalbjörgu Helgadóttur. Þetta erindi var í gegnum Zoom. Aðalheiður kynnti samskiptaboðorðin og fjallaði um áhrif sem aðstæðurnar undanfarna mánuði hafa skapað á samskipti í starfi og einkalífi og bent á hjálplegar leiðir til valdaeflingar og vellíðunar.

Að erindinu loknu var boðið upp á skoðunarferð um skólahúsnæðið og sagt frá starfsemi.

Arna Björk Sæmundsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún sagði frá leiðsagnarnámi sem verið er að innleiða í skólum á svæðinu og hugmyndunum sem það felur í sér. Nokkrar umræður og vangaveltur urðu til um nám, kennslu og fleira.

Nóvemberfundurinn var frestað og síðan aflýst vegna dræmrar þátttöku. Fundurinn átti að vera á Suðureyri þann 2. nóvember en hann var færður til 9. nóvember en vegna veðurs var honum frestað til 11. nóvember en vegna dræmrar þátttöku var fundinum aflýst.

Desemberfundurinn var haldinn hátíðlega þann 6. desember að Aðalstræti 20 á Ísafirði. Gestur fundarins var Guðlaug Jónsdóttir. Hún kynnti fyrir okkur bókina *Í huganum heim*. Þar skrifar hún um æskuárin sín í Hrutafirði. Hún býður okkur upp á heillandi tímaferðalag aftur í tímann. Við kynnumst dýrum, sveitastörfum og leikjum barnanna þar sem hættur leynast víða. Gullfallegar myndir eftir Hlín Unni Bárudóttir prýða bókina og með þeim sprettur lífið á Melum ljóslifandi fram.

Að kynningu lokinni var kosning varðandi tilvonandi nýjar félagskonur í Iota deildina.

Fleiri fundir voru á dagskrá en vegna ýmissa ástæðna voru þeir ekki haldnir.

Á starfsárinu 2021 – 2022 í Iota deild voru 17. félagskonur.

Starfsárið 2022 – 2023

Stjórn starfsársins 2022 – 2023 var kosin á aðalfundi IOTA deildar í maí 2022 og er skipuð á eftirfarandi hátt:

Vilborg Ása Bjarnadóttir, formaður

Kristín Björk Jóhannsdóttir, varaformaður

Jónína Hrönn Símonardóttir, ritari

Hildur Halldórsdóttir, meðstjórnandi

Bryndís Ásta Birgisdóttir, gjaldkeri

Ný stjórn hittist í byrjun september til að leggja drög að vetrarstarfinu. Settar voru niður dagsetningar fyrir fundi vetrarins auk þess sem staðsetningar og erindi funda voru ákveðin.

Við munum halda 6 deildarfundum þennan veturinn. Ákveðið var að halda fundina á mismunandi stöðum eins og undanfarnin ár en það hefur gefist vel. Áformaði voru 7 fundir en októberfundurinn var aflýst vegna veðurs og veikinda. Aprílfundurinn er á dagskrá og verður hann síðasti fundur þenna veturinn.

Fyrsti fundur starfsársins var á dagskrá þann 3. október en ætlunin var að fara inn í Heydal í heimsókn til Stellu Guðmundsdóttir félagskonu í Gammadeild. Því miður varð að fresta þeirri ferð vegna veðurs og veikinda.

Annar fundur starfsársins 2022 – 2023 var haldinn í Grunnskólanum á Suðureyri þann 7. nóvember.

Aðalheiði Sigurðardóttir frá “Ég er Unik” hélt fyrirlestur á Zoom um einhverfu og hvernig heili einhverfa virkar. Hún var mjög skilvirk og skýr og gaf okkur nýja sín á heim einhverfunar. Umræður sköpuðust í kjölfarið. Bryndís Ásta Birgisdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði hún um skóla án aðgreiningar. Góðar umræður urðu á meðal félagskvemma um málefnið.

Þriðji fundur vetrarins var jólafundurinn. Hann var haldinn þann 7. desember að Aðalstræti 20 á Ísafirði. Margrét Höskuldsdóttir kennari og rithöfundur fjallaði um bók sína Dalurinn sem kom út síðastliðna vor. Margrét Höskuldsdóttir ólst upp á Þingeyri við Dýrafjörð. Dalurinn er spennusaga en sögusvið bókarinnar er einmitt Dýrafjörður. Hún sagði okkur einnig frá væntanlegri nýrri bók sem hún er að fara að skrifa en sögusvið hennar mun einnig eiga sér stað á vestfjörðum.

Jónína Hrönn Símonardóttir var með orð til umhugsunar. Hún flutti það fyrir okkur í gegnum zoom þar sem hún gat ekki verið með okkur af óviðráðanlegum orsökum. Jónína Hrönn fjallaði um jólahefðir, nýjar og gamlar og hvernig við sameinum gamlar og búum til nýjar.

Félagskonum var bent á að Euforía, fréttablað Evrópu forum væri komið á vefinn. Einnig voru konur fræddar um jólafund DKG-félaga í Evrópu sem verður 13. desember á Zoom.

Fjórði fundur vetrarins var haldin 23. janúar 2023 en það var bókafundurinn okkar. Dagný Sveinbjörnsdóttir bauð konum heim til sín á þann fund. Félagskonur kynntu hinar ýmsu bækur sem búið var að lesa. Það er alltaf mikil spennan fyrir þessum fundi þar sem konur finnst hann vera með skemmtilegri fundum. Áhugi á bókum er góður og fá margar konur hugmyndir af áhugaverðu lesefni.

Fimmti fundur vetrarins var haldin í leikskólanum Glaðheimum í Bolungarvík þann 13. febrúar. Þar kynnti Ástrós Þóra Valsdóttir leikskólakennari meistaraverkefni sitt sem ber heitið *Málleg samskipti í leikskóla, samræður starfsmanna leikskóla við börn sem hafa íslensku sem annað mál*. Erindið var mjög áhugavert og góðar umræður urðu meðal félagskvemma enda mikilvægt málefni þarna á ferðinni. Einnig sýndi Ástrós Þóra okkur leikskólann Glaðheima en það er ekki svo langt síðan að byggt var við hann.

Sjötti fundur vetrarins var haldinn á Flateyri þann 21. mars. Við kíktum í heimsókn á skrifstofur Lýðskólans og ræddum þar við Katrínu Maríu Gísladóttur skólastjóra um skólann sem og þá framtíðasýn sem þau sjá. Skólinn bíður upp á 2 námsbrautir en það stendur til að bæta þriðju námsbrautinni við og fjölga nemendum upp í 60. Einnig er verið að byggja nemendagarða sem eiga að verða tilbúnir í júní. Fengu félagskonur að skoða nýbygginguna. Farið var í Bryggjukaffi en þar var fundurinn formlega haldinn. Sunna Reynisdóttir skólastjóri Grunnskóla Önundarfjarðar kynnti fyrir okkur framkvæmdir við skautasvellið, en hún er ein af frumkvöðlum sem komu því á legg. Því miður forfallaðist á síðustu stundu sú sem ætlaði að vera með orð til umhugsunar og féll það því niður. Minnt var á Landssambandsþingið sem haldið verður í Hveragerði 13. – 14. maí. Konur voru hvattar til þess að skrá sig á þingið.

Sjöundi fundur starfsársins og jafnframt sá síðasti þennan veturinn er á dagskrá seinnipartinn í apríl. Við höldum fjóra stjórnarfundir bæði staðarfundir sem og zoom fundir. Einnig var spjallað í gegnum netið.

Á starfsárinu 2022 – 2023 byrjuðu 20 konur í Iota deild. Það gengu þrjár konur í deildina okkar á vormánuðum og erum við því þá orðnar 23.

Með kærri kveðju
Vilborg Ása Bjarnadóttir
formaður Iota deildar 2022 - 2024

Lambdadeild

Skýrsla þessi tekur til tveggja starfsára, þ.e. árin 2021 til 2022 og 2022 og 2023. Á fyrri starfsárinu voru haldnir sex félagsfundir en á því seinna voru haldnir átta fundir. Bæði starfsárin hittust stjórnarmenn í upphafi árs og réðu ráðum sínum, skiptust á samskiptum gegnum tölvupósta, lokaða facebook síðu eða í gegnum samskiptaforritið Messenger. Að jafnaði fundaði stjórnin í lok félagsfundar og lagði drög að næsta félagfundi.

Átján konur voru skráðar í félagið fyrra árið og tuttugu og þrjár konur seinna ári. Félagsfundir voru boðaðir í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook þar sem konur skráðu mætingu sína eða forföll. Að jafnaði mættu fjórtán félagskonur sem var um 77% mæting auk gesta, sem við vorum duglegar að bjóða til okkar. Markmið með því að bjóða áhugasömum gestum á fundina var að kynna starfsemi deildarinnar með það fyrir augum að bjóða þeim að ganga til liðs við okkur síðar.

Fundirnir voru hefðbundnir, hófust á því að formaður setti fund með því að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Þar á eftir voru að jafnaði orð til umhugsunar og fræðslukynningar í framhaldinu. Fundirnir hófust ávallt kl. 17.00 og stóðu að jafnaði í eina og hálf klukkustund. Eftir að búið var að slíta fundi á formlegan hátt höfðu félagskonur tækifæri til að spjalla. Ávallt var boðið upp á veitingar á félagsfundum.

Starfsárið 2021 til 2022

Sex félagsfundir voru haldnir á fyrra starfsárinu. Þá heimsóttum við listasafn Einars Jónssonar þar sem Lambdasystir okkar, AlmaDís Kristinsdóttir forstöðumaður safnsins tók á móti okkur. Ólöf Sigurðardóttir fyrrum Lambdasystir og Oddný Einarsdóttir dóttir hennar sögðu okkur frá áhugaverðu sjálfboðastarfi þeirra í bænum Knysna í Suður Afríku. Á þriðja fundinum fengum við Dr. Önnu Magneu



Hreinsdóttur, aðjunkt við HÍ til að fræða okkur um yngstu börnin í leikskólanum. Jólasamvera var síðan í desember þar sem Arndís Þórarinsdóttir las úr bók sinni Bál tímans, örlagasaga Möðruvallabókar í sjö hundruð ár. Á fimmta fundi okkar fengum við Forseti landssambands, Guðrúnu Eddu Bentsdóttur til að kynnti samtökin fyrir væntanlegum félagskonum. Síðasti fundur starfsársins var haldinn á Menntavísindasviði en þá gengu þrjár nýjar félagskonur til liðs við deildina. Aðalfundurinn var haldinn samhliða inntökufundinum en þá gengu Birna Sigurjónsdóttir og Jódís Káradóttir úr stjórn og í þeirra stað komum Björg Melsted og Steingerður Kristjánsdóttir. Formaður var kosinn Sigurborg Kristjánsdóttir.

Starfsárið 2022 til 2023



Átta fundir voru haldnir seinna starfsárið. Á fyrsta fundinum kynnti Lambdasystir okkar, Gerður Magnúsdóttir, M-Ed ritgerð sína um viðhorf ungs fólks sem velur að vinna tímabundið í leikskóla sem ber heitið milli stúdentsprófs og heimsreisu. Á öðrum fundinum fengum við Óskar H. Níelsson sérfræðing hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu til að kynna nýju Menntastefnuna og á þeim þriðja fengum við kynningu á Velferðarlögunum sem Páll Ólafsson kynnti. Á jólafundinn kom Guðrún Frímasdóttir til okkar og las úr bók sinni Elspu.

Eftir áramótin fórum við í heimsókn í Hamraskóla og fengum kynningu hjá Önnu Bergsdóttur skólastjóra á starfsháttum leiðsagnarnáms. Á sjötta fundinum sóttum við félagsmiðstöð eldri borgara, Þórrasel, í boði Lambdasystur okkar Hólmfríðar S. Sveinsdóttur. Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður eldri borgarar í Reykjavík kom á fundinn og sagði okkur frá starfi eldri borgara. Í mars kynnti Ragnhildur Ólafsdóttir M.-Ed. ritgerð um jafningjastjórnun og frammistöðumat auk þess sem við tókum inn fimm nýjar félagskonur í deildina.



Áttundi fundurinn verður 17. maí. Hann verður helgaður útveru í Öskjuhlíðinni en þá mun Helgi Máni Sigurðsson sagnfræðingur leiða okkur um Öskjuhlíðina og segir frá stríðsminjum og gróðurfari í hlíðinni. Að göngu lokinni verður farið í Nauthól og snæddur sameiginlegur kvöldverður.

Sigurborg Kristjánsdóttir, formaður

Mýdeild

Haust 2021

Októberfundur Mý-deildar haldinn í húsnæði Tónlistarskóla Eyjafjarðar að Hrafnagili, miðvikudaginn 9. október. Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir flutti orð til umhugsunar sem fjölluðu um vellíðan. Hún nefndi mikilvæga þætti eins og félagsleg tengsl, þátttöku í nærandi verkefnum, við ættum að einblína á styrkleikana okkar, eitthvað sem við höfum gaman of og eitthvað sem gefur okkur orku og kraft. Þurfum að æfa okkur í því nýta hæfileikana okkur, virkja styrkleikana okkar. Okkar val að taka stjórnina á okkar líðan. Hverjir næra okkur, hverjir draga úr okkur orku? Setja mörk á samskipti sem koma okkur úr jafnvægi. Því næst hélt ein félagskona Ásdís Arnardóttir fyrirlestur um Suzuki aðferðina í tónlistarkennslu. Ásdís sagði að Suzuki aðferðin væri einnig kölluð Móðurmálsaðferðin og sagði frá Shinichi Suzuki sem fæddist árið 1898 og lést rétt fyrir 100 ára afmælisdaginn sinn árið 1998. Hún sagði frá því að hann hefði ferðast til Þýskalands og lært á fiðlu í 8 ár í Berlín. Þar drakk hann í sig vestræna tónlistarmenningu sem hann hafði heillast af í gegnum fiðluleik Mischa Elmans. Hann sneri aftur til Japans og þar er það vinur hans sem kemur með 4 ára son sinn og biður hann um að kenna honum á fiðlu. Suzuki hafði aldrei dottið í hug að kenna svo ungu barni en hugleiddi þetta. Hann fer að hugsa hvernig kenna megi börnum án nótna og fær einhverskonar hugljómun að yfirfæra móðurmálskennslu yfir í tónlist. Því ekki að kenna börnunum að spila eins og að kenna þeim að tala, kenna þeim að spila eftir eyranu. Hann þróar kerfið sitt í Japan. Þetta var í lok Seinni heimsstyrjaldarinnar og hann fékk þá hugmynd að gefa þjóðfélaginu eitthvað fallett og fór að kenna börnum eftir þessari aðferð og var með stóra hópa í samspili. Þetta spyrst út og kerfið dreifist til Bandaríkjanna og síðan Evrópu. Byrjað var að kenna á fiðlu, síðan selló, víólu, kontrabassa, píanó, þverflautu, gítar og hörpu. Suzuki var tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels árið 1993. Ásdís sagði frá námsefni Suzuki - tónlistarkennslunnar, tækni kennd í lögum, grunntækni fyrir alla vestræna tónlist leynist í þessum lögum, byrjar á stuttum strokum eins og í Gulur rauður, ekki langir leiðinlegir tónar. Ásdís sagði frá Suzuki-kennara náminu. Ásdís er með kennslubækurnar meðferðis, dreifir bókunum og býður fundarkonum að velja lög af handahófi, sem hún muni spila fyrir þær. Ásdís kynnir Lidia Kolosowsky píanista til liðs við sig og saman leika þær eftir óskum fundarkvenna. Sigrún Helga fór með Orð til umhugsunar, sem hún sagði að fjölluðu um Vellíðan. Hún nefndi mikilvæga þætti eins og félagsleg tengsl, þátttöku í nærandi verkefnum, við ættum að einblína á styrkleikana okkar, eitthvað sem við höfum gaman of og eitthvað sem gefur okkur orku og kraft. Þurfum að æfa okkur í því nýta hæfileikana okkur, virkja styrkleikana okkar. Okkar val að taka stjórnina á okkar líðan. Hverjir næra okkur, hverjir draga úr okkur orku? Setja mörk á samskipti sem koma okkur úr jafnvægi.

Vor 2022

Fundur haldinn þriðjudaginn 1. mars 2021 í Laxdalshúsi. Þar gerði Ragnheiður Björk Þórsdóttir



Gyðjufræði að orðum til umhugsunar. Valgerður H. Bjarnardóttir er hvatakona gyðjufræðanna og rekur nú vefinn *Vanadís* sem heldur utan um fræðin og námskeiðshaldið. Ragnheiður Björk hefur stundað námið yfir þennan vetur og er heilluð af fræðinum. Hún sagði frá því hvernig konan og kvenímyndin birtist í lífinu og hversu mikilvæg kvenímyndin er til dæmis í stjórnmálum. Svo kynntu listakonan, kennarinn og matgæðingurinn, Jónína Björg Helgadóttir og eiginmaður hennar Magnús Jón Magnússon starfseminu í Laxdalshúsi. Þar reka þau nú fyrirtæki þar sem þau eru með aðstöðu til að taka á móti hópum í mat og á námskeið. Jónína Björk rekur auk þess vinnustofu sína þar.

Vor- og aðalfundur Mýdeildar haldinn 11. maí á Ásum í Eyjafjarðarsveit. Gestur fundarins er Kristín Þóra Kjartansdóttir framkvæmdastýra Flóru-Sigurhæðum og sagði hún frá væntanlegri starfsemi í Sigurhæðum en hún hefur nýverið tekið við starfi staðarhaldara Sigurhæða. Kristín Þóra sagði aðeins frá sjálfri sér, hún er sagnfræðingur og hefur rekið Flóru sl 10 ár. Þegar Sigurhæðir voru auglýstar til sölu sl vor, þá íhugaði hún að flytja þangað með fjölskylduna sína en að vel í grunduðu máli ákvað hún að vera bara með menningarrekstur þar. Vegna stærðar og eðlis verkefnisins þá ákvað Flóra, sér og samfélaginu til hagræðingar, að flytja bara inn í menningarverkefnið sjálf - og vinna að öllu þar. 1. júlí 2021 tók Flóra því við einu af stærri menningarverkefnum staðarins í gegnum tíðina: Sigurhæðum á Akureyri, húsi Guðrúnar Runólfsdóttur og Matthíasar Jochumssonar skálds. Kristín Þóra sagði að sér hafi fundist vanta stað sem gengur út á að vera með viðburði og vinnustofur fyrir listamenn og skapandi fólk. Búið að opna vinnustofur í Sigurhæðum fyrir listamenn sem eru í frumsköpun og eru ekki á kafi í “business”. Hún talaði um frumsköpun og listamenn sem búa til verðmæti úr engu. Sigurhæðir var reist árið 1903 fyrir Guðrúnu Runólfsdóttur og Matthías Jochumsson skáld og er í dag í eigu Akureyrarbæjar og Kristín Þóra talaði af mikilli væntumþykju um þau hjónin Guðrúnu Runólfsdóttur og Matthías Jochumsson og þeirra fólk. Matthías var einn stærsti ritlistarmaður Íslands. Kristínu Þóru var þakkað fyrir með lófaklappi og henni færð rós. Hrefna Laufey Ingólfssdóttir



húsfreyja á Ásum fór því næst yfir matseðilinn og bauð konum að gjöra svo vel. Dagný Elfa fór með Orð til umhugsunar. Þar talaði hún um vorið. Hugmyndina fékk hún eftir að hafa flett bókinni “Allt fram streymir - íslensk náttúruljóð” sem geymir náttúruljóð frá Völuspá til loka 20. aldar. Dagný talaði einnig um innrás Rússa í Úkraínu og tengir það við ástand um borð í togaranum Jevu sem sigldi um Mánitánú þegar stríðið skall á. Sagði frá mannum sínum sem starfar um borð auk 30 skipverja frá Úkraínu og 30 frá Rússlandi. Um borð hefur ástandið einu orði sagt verið hörmulegt. Dagný rak sögur nokkurra skipverja nú síðustu vikunnar og

angist þeirra í leit að fjölskyldumeðlimum auk þess að lýsa stemmningunni um borð þar sem þjóðernin tvö vinna saman og geta ekki annað. Eftir þessa tilfinningaríku lýsingar þakkar Katrín Fjóra Dagnýju. Nú er komið að aðalfundi. Katrín Fjóra setur aðalfund og les skýrslu stjórnar og ber hana upp til samþykktar. Ólöf gjaldkeri fer yfir reikninga og ber þá upp til samþykktar. Skýrsla stjórnar og reikningar teljast samþykktir. Ólöf Inga fór yfir breytingar sem hafa orðið í bankaheiminum sem hefur valdið því að það er heilmikið umstang að sjá um reikningana. Bankinn þarf að fá aðfundargerð og bæði nöfn og kennitölur þeirra sem ganga í og úr stjórn. Auk þess sem allir stjórnarmeðlimir þurfa að gefa sig í ljós við bankann með rafrænum hætti. Umræða fór í gang um árgjald og ákveðið var að halda 14000 krónunum óbreyttum. Þær sem ganga úr stjórn þetta kvöld eru; Katrín Fjóra Guðmundsdóttir formaður Petrea Óskarsdóttir ritari Þær sem ganga í stjórn eru; Jónína Garðarsdóttir - kt: 130473 - 5049 Magnea Helgadóttir - kt: 191264 - 4289 Stjórnina skipa nú: Kristín Irene Valdemarsdóttir formaður Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir ritari Jónína Garðarsdóttir Magnea Helgadóttir Nú þarf stjórnin að hittast og nýjar konur að skipta með sér verkum. Katrín Fjóra verður nýju stjórninni innan handar þar til hún treystir sér að vinna sjálfstætt. Kristín Irene kallar fráfarandi konur upp og afhendir þeim rósir fyrir vel unnin störf og fundið lokið eftir kaffi og spjall.

Fundur haldinn 25. maí 2021 í Friðbjarnarhúsi í Innbænum. Þar hittum við Margréti Guðmundsdóttur sagnfræðing sem fór með okkur um Innbæinn og sagði okkur sögu kvenna þar og fléttaði hana saman við heilbrigðissögu bæjarins. Að endingu fengum við hressingu heima hjá Margréti og skoðuðum dásamlega gróðurhúsið hennar sem hún kallar “Himnaríki”. Að göngunni lokinni hélt hópurinn í Kaffi Laut þar sem Ingileif setti fundinn og kveikti á kertunum. Í Kaffi laut beið okkar sveppasúpa og brauð. Eftir að konur höfðu snætt og spjallað aðeins las Sigrún Helga skýrslu formanns í fjarveru Katrínar Fjólu. Eftir það fór Ólöf Inga yfir ársreikninga félagsins. Reikningarnir voru samþykktir og ræddi Ólöf

um árgjaldið. Samþykkt var að halda okkur við 14000 kr á ári til félagsins. Einnig ræddi hún um fjölda kvenna í deildinni og hvort vissa væri um að þær 9 konur sem ekki voru með ætli að halda áfram í félagsskapnum okkar. Niðurstaðan var sú að allar ætla þær að halda áfram. Ólöf Inga ritari setur upplýsingar varðandi ársgreiðslu inn á Facebook síðu deildarinnar. Jónína var með orð til umhugsunar og ræddi út frá umhverfisvernd þegar kemur að gagnageymslu í “skýjum”. Sú umhverfisvernd sem mest er lagt uppúr er flokkun, matarsóun og verndun skóga. Ekki megum við ekki gleyma því að öll vinna okkar á netinu og geymsla þar á gögnum er mjög frek á rafmagn. Einhvers staðar geymast öll þau gögn, gjarnan í skýinu og enginn tekur þar til. Þuríður setti saman hópa í hópavinnu. Þar átti annars vegar að ræða fundartíma fyrir næsta vetur og svo þema fyrir vinnu okkar næsta vetur. Hóparnir gerðu svo grein fyrir sínum punktum og eitt og annað því tengt var rætt. Stjórnin tekur síðan við punktum og velur úr. Að lokum sleit Ingileif fundi, minnti konur á að skrifa í gestabók áður en farið var út og fundurinn endaði með einum leik á stéttinni fyrir utan. Þá stóðu konur í hring og köstuðu garnhnykli á milli sín og hver um sig sagði hvað starf í DKG hefði gefið þeim. Hnykillinn varð fljótlega að neti eða vef sem margar kvennana töldu sig einmitt hafa eignast með þátttöku í samtökunum.

Fundi var slitið kl. 21:00

Fundaritari: Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir

2022 – 2023

Starfsárið hófst með því að stjórnin fundaði á *Bláu könnunni* á Akureyri. Þar voru gerð drög að dagskrá vetrarins og verkum skipt niður á félagskonur. Auk þess var fyrirkomulag funda til umræðu og ákveðið að á þessu ári yrði lagt upp með fundartíma klukkan 18:00 og fundum lokið kl. 20:00. Nokkrar umræður sköpuðust um fundarstaði og ákveðið að leggja það til að fundarstaðir yrðu í heimahúsum eða í skólum, þar sem aðgengi er ókeypis til að draga úr kostnaði.

Haust 2022

Fyrsti fundur vetrar var svo haldinn 19. september þar sem fram fór inntaka tveggja nýrra félaga. Auk þess deildi Ingileif Ástvaldsdóttir úr viskubrunni sínum með orðum til umhugsunar. Erindi sitt kallaði hún: Hvernig nærir þú orkuna? Hún ræddi um það hvort við gætum hlaðið batteríin eins og hvern annan rafmagnsbíl. Gætum við kannski rætt meira um að næra orkuna? Neikvætt umtal um streitu er nánast orðið að streituvaldi einum og sér. Við þurfum að vanda orðfæri okkar því af almennri umræðu um streituna er eins og öll streita sé hættuleg sama í hvaða magni hún er. Ekki má gleyma hvernig samfélagsmiðlar geta aukið á áreiti og vakið álag og streitu. Með og án snjalltækni verðum við að geta fundið jafnvægi. Að endingu bauð hún félagskonum að taka þátt í lítilli skoðanakönnun á [mentimeter.com](https://www.mentimeter.com) þar sem spurt var, Hvernig nærðir þú orkuna um síðustu helgi? Niðurstöður komu skemmtilega upp á skjáinn.

Þann 18. október gerði Björg Sigurvinsdóttir “samfélagið og börnin” að umtalsefni sínu í orðum til umhugsunar. Kveikjan að þessari hugvekju kom þegar foreldrar í Reykjavík mættu með börnin sín í Ráðhúsið til að mótmæla því ástandi sem upp var komið í borginni í tengslum leikskólaláss. Hún sagði að umhyggja barna fyrstu tvö árin í lífi þeirra skipti mestu máli fyrir barnið. Auk þess fjallaði hún um bók Sæunnar Kjartansdóttur “Árin sem enginn man” en Sæunn kom fram í þættinum “Börnin okkar” á RUV og hafði margt fram að færa. Björg sem er leikskólastjóri á Akureyri, sagði stöðuna í bænum vera með þeim hætti að sjá mætti fram á fjölgun eins árs barna í leikskólum og það væri umhugsunarefni. En hún benti jafnframt á að það væri gleðilegt að sjá að báðir foreldrar taki nú meiri þátt í öllu leikskólastarfi en áður var. Á Akureyri eru leikskólaláss allt of fá miðað við fjölda og alltof fáir fagmenntaðir starfsmenn í störfum innan leikskólans. Hvað getum við gert? Verið er að undirbúa að senda fræðsluráði erindi varðandi fækkun á börnum í hópa leikskólans og spurning hvað verður gert í framhaldinu.



Auk þess heimsótti Eva María Ingvadóttir forstöðukona Alþjóðastofu hjá Akureyrarbæ félagskonur og kynnti starfsemina. Þar sagði hún frá því að stofnunin hafi verið sett á laggirnar árið 2005. Þá var hugsunin sú að hún átti að vera nokkurs konar upplýsingatorg aðallega fyrir pólskumælandi fólk sem talar litla íslensku og litla/enga ensku, en nú beinist starfsemin ekki einungis að Pólverjum heldur öllum innflytjendum. Fólk sem leitar eftir þjónustu hjá Alþjóðastofu þarf ekki að panta tíma heldur kemur bara en getur þá þurft að bíða. Þjónustan er gjaldfrjálgs eins og önnur þjónusta hjá bænum. Fjöldi Pólverja á Akureyri hefur tvöfaldast á árunum 2013 til 2022 á meðan fjöldi íbúa sem tala annað erlent mál en pólsku hefur þrefaldast. Á þessum sama tíma hefur Eva María verið í 10% stöðu og ekki lítur út fyrir að það breytist neitt þrátt fyrir mikla þörf. Með árunum hafa málin sem hún sinnir orðið viðameiri og oft mál sem þarfnast eftirfylgni. Þjónustan sem Eva María sinnir sveiflast á milli þess að vera ráðgjöf/leiðbeiningar og til þess að vera milliliður á milli annarra þjónustuaðila sem skjólstæðingar hennar þurfa að eiga samskipti við. Að endingu ræddi Eva María hatusorðræðu í garð erlendra íbúa. Hún lýsti því hversu erfitt það væri að heyra þessar sögur beint frá þolanda. Í framhaldi af þessari upplifun hennar fékk hún styrk og er nú að gera stóra rannsókn meðal Pólverja á Akureyri þar sem niðurstöðurnar eru sláandi. Rúmlega helmingur viðmælenda hafa upplifað hatusorðræðu og 70% þeirra hafa upplifað mismunum. Mismununin lýsir sér aðallega í neikvæðri framkomu við fólk í starfi. Nú þarf að afla frekari styrkja til að vinna úr gögnunum sem urðu mjög yfirgripsmikil. Erindi Evu Maríu var fróðlegt og í framhaldi af því spunnust líflegar umræður.



Jólafundur

Í lok nóvember héldu þrjár deildir, Mýdeild, Nýdeild og Betadeild jólafund saman á Kaffi Lyst í



Lystigarðinum á Akureyri. Það var afskaplega notaleg stund. Við borðuðum saman og hlustuðum á orð til umhugsunar sem flutt voru af félagskonu úr Mýdeild, Magneu Kristínu Helgadóttur. Þar gerði hún jólin að umfjöllunarefni sínu og velti því fyrir sér hvernig jól gætu tekið á sig ýmsar myndir en væru fyrst og fremst samvera með sínum nánustu. Hún rifjaði upp jólin í



æsku sinni og jólin fyrstu búskaparárin og umræður sem hún var nýlega búin að eiga við syni sína sem eru að stíga sín fyrstu ár í búskap og hvernig hver og einn skapar sínar eigin jólahefðir en tekur þó alltaf einhverjar í arf frá foreldrum sínum eða æsku. Þá flutti Kristín Margrét Jóhannsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri pistil um jólin hjá Vestur-Íslendingum. Sjálf var hún búsett í Kanada í nokkur ár og hafði fengið nasabefinn af jólnum þar, en auk þess sagði hún frá því hvernig jólin og jólahefðir virtust hafa smitast frá Íslandi og til Kanada á fyrri árum. Þó að hefðirnar væru vissulega ekki alveg þær sömu þá virtust Vestur-Íslendingar til dæmis halda í þann sið að taka upp pakka á aðfangadagskvöld í stað jóladags og sumir hefðu allavega framan af reddað sér hangikjöti á jólaborðið. Að lokum las hún upp úr bréfi vestur-íslenskrar stúlku sem lýsti aðfangadagskvöldi. Fundinum lauk með fallegum söng og var verulega vel heppnaður.



Vor 2023

Fyrsti fundur ársins var haldinn 25. janúar í Lundarskóla sem er grunnskóli á Akureyri. Þar sagði Ásdís Arnadóttir frá Mexíkóferð sem hún fór í um jól og áramót. Hún rakti ferðasöguna og sýndi myndir sem teknar voru í ferðinni. Þau ferðuðust um suðurhluta landsins og fóru um 3 fylki. Í seinni hluta ferðarinnar keyrðu þau þvert yfir landið, alla leið til San Cristobal þar sem þau eyddu áramótunum. Þetta var mikil ævintýraferð. Guðný Sigríður Ólafsdóttir las *Orð til umhugsunar* og sagði frá því þegar amma hennar Margrét frá Villabæ í Bakkagerði kljádust við mannýgt naut. Sagan er

að mörgu leyti athyglisverð en ekki síst vegna þess að konan var bæði sjúk af berklum og ófrísk þegar ósköpin dundu yfir. Ekki er síður athyglisvert að velta fyrir sér kjörum fólks á þessum tíma. Bústaði þeirra er lýst sem litlum torfbæ, þröngum, rökum og köldum og ekki er lengra síðan en 2 kynslóðabil. Í lok kvöldsins leiddi Dagný Elfa Birnisdóttir bókaleik. Leikurinn snerist um að finna nafn á bókum sem komu út um jólin. Skemmtu konur sér vel yfir þessum leik og gekk allvel að finna lausnina. Eftir það sögðu konur frá bókum sem þær lásu um jólin.



Annar fundur var haldinn í heimahúsi einnar félagskonu þann 31. mars. Þar fór formaður yfir það sem fram fór á rafrænum fundi allra stjórna DKG og ræddi og kynnti þingið sem fyrirhugað 14.-15. maí í Hveragerði. Hún hvatti konur til að skrá sig. Þá las Ragnheiður Björk Þórsdóttir Orð til umhugsunar og hafði gerði lesblindu og lestrarvanda að umtalsefni sínu.

Hugleiðingar hennar fjölluðu um hvernig hún og hennar systkini lærðu að lesa þar sem helmingur þeirra var með læsisvanda. Fyrstu ár hennar í skóla voru henni vítiskvalir þar sem hún varð ekki læs fyrir en um 10-11 ára gömul. Hún var hins vegar síteiknandi og það var ekki fyrir en gamall frændi hennar kenndi henni að lesa í gegnum áhugahvötina – myndlistina, að lestrarkennslan skilaði árangri. Þetta var athyglisvert og segir okkur hversu mikilvægt það er að vinna með börnum í gegnum áhugahvötina. Því næst sagði Petrea Óskarsdóttir frá endurmenntunarferð kennara í Tónlistarskólanum á Akureyri til Tenerife í febrúar sl. Starfsfólk skólans fór og skoðaði tvo áhugaverða tónlistarskóla á eyjunni og tónlistarsafn sem einnig er hótél. Að auki kynntust þau Karnivalstemningu og fóru í hópefli. Þau voru þarna í eina viku og nutu lífs og lista víða um eyjuna allt frá suðri til norðurs.



Enn eigum við eftir að halda einn fund á þessum vetri en hann verður haldinn mánudaginn 22. maí.

Kristín Irene Valdemarsdóttir, formaður

Nudeild

Starfið í Nu-deild byrjaði veturinn 2021-2022 með undirbúningsfundi stjórnar. Að þessu sinni var stjórnin þannig skipuð að allar systur í stjórn voru búsettar í Skagafirði. Það auðveldaði okkur að halda stjórnarfundi í raunheimum þegar Covid-19 var ekki að stríða okkur. Eftir undirbúningsfundinn var



boðað til fyrsta fundar í deildinni þann 8. september á Hvammstanga. Hittust systur í aðstöðu dreifnámsins á Hvammstanga, þar sem vel var tekið á móti þeim af dreifnámsstýrunni Rakel Runólfsdóttur. Eftir að hefðbundnum fundarstörfum var lokið notuðum við fundinn til að tilnefna nýjar konur í hópinn og ræða hvernig skipulagi inntöku yrði háttað. Skráðar voru niður tillögur að hópi kvenna en ákveðið að bjóða ekki öllum í einu heldur dreifa því á næstu tvö ár. Úr varð að um tíu konum var boðið á inntökufund þann 4. október 2021 í matsal Árskóla á Sauðárkróki. Þar var ekkert til sparað við veisluhöld til handa væntanlegum félögum og

þeim kynnt samtökin vel og vandlega auk þess sem systur deildu upplifun sinni af veru í samtökunum með gestunum. Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir færði systur Nu-deildar að gjöf heklaðar rauðar rósir til að festa nælur samtakanna í. Hafa þessar fallegu rósir prýtt systur á fundum síðan.

Næsti fundur var svo haldinn 1. nóvember í Samgönguminjasafninu í Stóragerði í Skagafirði. Þar tók á móti okkur Sólveig Jónasdóttir sem sagði okkur frá viðburðaríkum ferli sínum við störf í leik- og grunnskólum. Fyrst sem leiðbeinandi, svo almennur kennari og að lokum sérkennari. Á fundinum var einnig haldin inntökuathöfn fyrir nýjar Nu-deildar systur. Til stóð að fjórar myndu ganga inn í samtökin en ein forfallaðist á síðustu stundu svo við buðum velkomnar eftir kúnstarinnar reglum þrjá nýja félaga. Allar hafa þær reynst fyrirmyndar viðbót við Nu-deildina.

25. nóvember stóð til að halda sameiginlegan jólafund með Beta- og Mý-deildum en sökum slæmrar stöðu vegna Covid í samfélaginu var ákveðið að aflýsa jólafundinum þetta árið. Systur í Nu-deild fóru því að hlakka til rafræns bókafundar í janúarbyrjun. Nokkrar systur tóku sig þó til í millitíðinni og hlýddu á sameiginlega evrópska jólafundinn. Sá fundur var bæði hátíðlegur og fræðandi auk þess að vera kærkomin tilbreyting í undirbúningi þessara annarra Covidjóna. Þá rann upp janúarmánuður og nokkrar systur hittust rafrænt á bókafundumánudagskvöldið 10. janúar. Fundurinn var gefandi þó ekki væri hann fjölmennur í þetta skiptið.

Fundahlé var svo í Nu-deild fram í marsmánuð, en sú ákvörðun var tekin strax við stofnun deildarinnar að halda ekki fundi yfir hörðustu vetrarmánuðina þar sem systur eiga oft um langan veg að fara til að komast á fundi. Í marsmánuði stóð svo til að halda fund í Héðinsminni í Skagafirði en sökum slæmrar Covid-stöðu á Norðurlandi treystu konur sér ekki til að funda í raunheimum. Úr varð að fundurinn 14. mars var rafrænn og áttu systur kærkomna kvöldstund saman í



skýinu þar sem rætt var um ýmislegt sem vakið hafði áhuga bæði þeirra sem kvenna í fræðslustörfum og það sem hafði vakið mikinn áhuga hjá nemendum þeirra í gegnum tíðina.

Sjöunda apríl var svo haldinn fundur í grunnskóla Húnaþings vestra, en þá var nýbúið að ljúka endurbótum á húsnæði skólans. Hvammstangasystur í Nu-deild voru stoltar af því að geta sýnt okkur nýtt og endurbætt húsnæði grunnskólans og geta frætt okkur um starfið þar. Á Hvammstanga er sterk framtíðarsýn í menntamálum og vel að verki staðið við hönnun og framkvæmd þessa nýja og



endurnýjaða húsnæðis skólans. Sjötti og síðasti fundur starfsársins var svo aðalfundur. Hann var haldinn þann 16. maí og byrjaði á því að systur hittust í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi þar sem vel var tekið á móti okkur. Systur fengu léttar veitingar og fordrykk og áhugaverða leiðsögn um safnið. Eftir heimsóknina var haldið í Húnavallaskóla, enda síðustu forvöð að heimsækja skólann áður en skólahlald var lagt þar niður. Þar tók skólastjórinn á

móti okkur og sagði okkur frá starfinu auk þess sem hún sýndi okkur húsnæðið. Að því loknu fóru fram hefðbundin aðalfundastörf og ný stjórn Nu-deildar var kjörin. Í stjórn voru kosnar Guðbjörg Einarsdóttir, formaður, Lára Gunnðís Magnúsdóttir, ritari, og meðstjórnendur Ellen Mörk Björnsdóttir, Eydís Bára Jóhannsdóttir og Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir.



Ný stjórn var öllu dreifðari um svæði Nu-deildar en sú fyrri. Af þeim sökum nýtti hún tæknina og hélt rafrænan undirbúningsfund í haustbyrjun. Þar voru lagðar línurnar fyrir komandi ár og ákveðið að leggja það fyrir fyrsta fund að starfað yrði eftir þemanu **Mannréttindi**. Fyrsti fundur starfsársins 2022-23 var svo haldinn á Blönduósi 27. September og þar rifjaði nýr formaður upp tilgang og markmið samtakanna og hélt stutta kynningu fyrir gesti sem boðið hafði verið á fundinn. Tækifærið var einnig nýtt til að færa fyrrverandi formanni „fyrrverandi formanns“ nælu. Þar var svo rætt um hugmynd stjórnar að þema og henni vel tekið af fundarsystur sem voru sammála um að brýn þörf væri á að ræða mannréttindamál í ljósi ýmissa sviptinga í þeim málum bæði innan lands og utan síðustu misseri.

Annar fundur vetrarins var haldinn á Sauðárkróki í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra 19. október. Á fundinum hélt Nu-systir Lee Ann Maginnis áhugavert og fræðandi erindi um mannréttindi og þá mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að. Fræddi hún okkur um stöðu mála og lagði grunninn að því sem koma skyldi í vetrarstarfinu.

Á þriðja fundi vetrarins, sem haldinn var í grunnskólanum á Blönduósi þann 14. nóvember, var haldinn inntökuathöfn. Aftur lentu Nu-systur í því að fjórar konur hugðust ganga í deildina en á síðustu stundu forfallaðist ein svo eftir stóðu þrjár sem allar voru vígðar inn í samtökin eftir settum reglum. Rétt eins og árið á undan hafa þessar nýju systur smellpassað inn í hópinn og tekið virkan þátt í öllu starfi deildarinnar. Á fundinum hélt svo erindi formaður Öryrkjabandalagsins Þuríður Harpa Sigurðardóttir um stöðuna í réttindamálum fatlaðs fólks á Íslandi. Erindi hennar var áhugaverður vinkill inn í umræðuna um mannréttindi og vakti systur til umhugsunar um forréttindastöðu sína sem einstaklinga án fötlunar með fullt starfsþrek.



Í nóvembermánuði hafði formaður setið sveittur með formönnum Beta- og Mý-deilda við skipulagningu sameiginlegs jólafundar. Skipulagið var snúið en allt small saman að lokum og áttu deildirnar þrjár ómetanlega og hátíðlega kvöldstund saman í Lystigarðinum á Akureyri. Þar var mikil gleði og ómetanlegt að fá tækifæri til að hitta systur í öðrum deildum og víkka tengslanetið.

Næstur var hinn árlegi rafræni bókafundur sem haldinn var í Nu-deild þann 17. Janúar 2023. Aftur var fundur fámennur en góðmennur og alltaf jafn gaman að hittast og ræða jólabækurnar í góðra kvenna hópi.

Að loknu fundahléi í mars var boðað til fundar mánudaginn 20. mars á Blönduósi í Eyvindarstofu á B&S restaurant. Á fundinum fengum við að hlýða á áhugavert erindi frá Önnu Maríu Kemp Guðmundsdóttur þar sem hún sagði okkur lífssögu sína og fræddi okkur í leiðinni um réttindastöðu hinsegin fólks á Íslandi. Í apríl var svo komið að fundi á Hvammstanga, en við hittumst þann 25. apríl í grunnskólanum á Hvammstanga. Þar hittu okkur Liljana Milenkoska, makedónískur innflytjandi, sem hafði margt að fræða okkur um varðandi stöðu innflytjenda á Íslandi. Saga hennar sýnir vel þá erfiðleika sem innflytjendur geta staðið frammi fyrir hér á landi þrátt fyrir að við teljum okkur standa framarlega í mannréttindamálum á Íslandi. Óhætt er að segja að allar Nu-systur hafi yfirgefið fundinn hugsuð yfir mörgu sem þarna kom fram.



24. maí næst komandi stendur svo til að halda lokafund þessa starfsárs okkar. Að venju verður haldið í smávegis óvissuferð um nágrenni okkar og endað á fundi.

Starfsárið hefur verið gefandi, fræðandi og skemmtilegt fyrir okkur systur í Nu-deild og vonumst við til að geta haldið áfram í sama anda á nýju starfsári í haust.

Zeta
Beta

